

1995-96. - 1065 ár frá stofnun Alþingis.
120. löggjafarþing. - 451. mál.

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1995
komudagur 8/5 1996

783. Frumvarp til lögreglulaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 120. löggjafarþingi 1995-96.)

I. KAFLI

Hlutverk lögreglu o.fl.

1. gr.

Hlutverk.

Ríkið heldur uppi starfsemi lögreglu.

Hlutverk lögreglu er:

að gæta almannaöryggis og halda uppi lögum og reglu, leitast við að tryggja réttaröryggi borgaranna og vernda eignarrétt, opinbera hagsmuni og hvers konar lögmæta starfsemi,

að stemma stigu við afbrotum og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins,

að vinna að uppljóstran brota, stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð opinberra mála eða öðrum lögum,

að greiða götu borgaranna eftir því sem við á og aðstoða þá þegar hætta steðjar að,

að veita yfirvöldum vernd eða aðstoð við framkvæmd starfa sinna samkvæmt fyrirráðum laga eða venju eftir því sem þörf er á,

að starfa í samvinnu við önnur stjórnvöld og stofnanir sem hafa með höndum verkefni sem tengjast starfssviði lögreglu,

að sinna öðrum verkefnum sem henni eru falin í lögum eða leiðir af venju.

FÍR/

Í upphaflegum drögum að frumvarpinu var gert ráð fyrir því að hlutverk lögreglu yrði m.a. að hafa með höndum yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða. Æskilegt er að hafa slíkt ákvæði í lögum, enda ljóst að mannhvörf, lífsháski og eignaspjöll teljast ætíð til lögreglumála. Ekki þarf að fjölyrða um hvaða hagsmunir eru hér í húfi, t.d. þegar ekki er ljóst hvort maður hafi horfið af eigin völdum eða annarra. Þar að auki fer lögregla með mannskaðarannsóknir lögum samkvæmt (sjá enn fremur umsögn Landssambands lögreglumanna).

LL/

Til umhugsunar er hvort ekki þyrfti að vera til staðar ákvæði um félagslegt hlutverk lögreglu, frá viðbragði til vandamálalausna. Ákvæði þess efnis kann að vera betur fyrir komið annars staðar í frumvarpinu en hér er einkum átt við úrræði sem varða drykkjusjúka og aðra sem ánetjast hafa fíkniefnum, geðfatlaða og tilfelli sem tæpast varða vistun í fangageymslum. Lagt er til að bætt verði inn í greinina sem e-lið; **að hafa með höndum yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi, enda heyri hún ekki undir skipulag Almannavarna ríkisins.**

Lögreflugfélag Hafnarfjarðar/

Lögð er áhersla á að yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða sé alfarið í höndum lögreglu.

Lögreflugfélag Norðurlands vestra/

Mannshvarf, slys tjón og hverskonar er rannsóknarverkefni lögreglu og liggur því í hlutarins eðli að lögreglan stjórni þeim aðgerðum.

Það verður að teljast undarlegt og lýsum við vonbrigðum okkar með það að mikilvert ákvæði, eins og e-liður hljóðaði í frumdrögum frumvarpsins, skuli verða horfið úr frumvarpinu. Þar segir að lögreglan hafi með höndum yfirstjórn og samræmingu björgunar- og leitaradgerða, nema að þær heyri undir skipulag Almannavarna ríkisins.

Lögreflugskóli ríkisins/

Í sambandi við hlutverk lögreglunnar, sbr. 1. gr. frumvarpsins, vill LSR benda á eftirfarandi. Samkvæmt upphaflegri tillögu nefndarinnar sem samdi frumvarpið var lagt til, sem e-liður 1. gr., svohljóðandi ákvæði: "að hafa með höndum yfirstjórn og samræmingu leitar- og björgunaraðgerða, nema björgun heyri undir skipulag Almannavarna.

Að mati LSR var þetta þarft ákvæði um leitir. Almenn er það svo að við leitir fær lögreglan að jafnaði aðstoð frá björgunarsveitum. Stjórnun aðgerða þarf hins vegar að vera alveg á hreinu. Benda má á að ákvæði um leit að týndu fóki er í 2. gr. reglugerðar nr. 253/1977 um samvinnu og starfsskiptingu milli lögreglustjóra og RLR. Þar kemur fram að við embætti lögreglustjóra í umdæmum þar sem RLR hafi með höndum lögreglurannsóknir brotamála, skuli starfa sérstakar rannsóknarlögregludeildir undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra. Í 4. mgr. segir. "Þær (deildir þessar) skulu hafa sjón á leit að týndu fólk, enda sé leitin eigi þáttur í rannsókn brots, en jafnan skal rannsóknarlögreglu ríkisins tilkynnt um slíka leit." Þess ber að geta að lögreglustjórar fara með stjórn Almannavarna hver í sínu umdæmi samkv. 1. mgr. 7. gr. laga um almannavarnir, nr. 94, 1962 sbr. breytingalög nr. 85/1985.

Með niðurlagningu RLR, eins og gert er í frumvarpinu, er ekki óeðlilegt að ákvæði um leitar- og björgunarlutverk lögreglu verði með einhverjum hætti í ákvæði frumvarpsins um hlutverk lögreglu eða e.a. stjórnunarlutverki ríkislögreglustjórans.

Lögreflugfélag Vesturlands/

Nauðsynlegt er að aftur komi inn í frumvarpið skýr ákvæði um að lögreglan sé stjórnandi leitar- og björgunaraðila.

Lögreflugfélag Vestfjarða/

Viljum við sérstaklega benda á að út úr frumvarpinu var tekið ákvæði um að lögregla hefði yrirumsjón með leit og björgun fólks. Með tilliti til þess af hvaða toga fólk getur týnst hlýtur að vera eðlilegast að þetta sé í höndum lögreglu.

Sýslumannafélag Íslands/

Stærstu breytingarnar eru á e-lið 1. gr. og breyting á 33. gr. Þetta á við stjórnun björgunar og leitar að týndu fólk og hin breytingin er um hámarksaldur lögreglumanna. Þessar breytingar eru svo veigamiklar að ekki verður fallist á þær.

2. gr.

Tengsl við þjóðarétt.

Lögregla skal í störfum sínum hafa í heiðri þær þjóðréttarlegu skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist.

3. gr.

Lögreglumenn.

Til lögreglumanna teljast þeir sem skipaðir eru eða settir til lögreglustarfs skv. 3. mgr. 28. gr. eða ráðnir tímabundið skv. 4. mgr. 28. gr.

RLR/

Hugtakið *lögreglumaður* var skilgreint með öðrum hætti í hinu fyrra frumvarpi en nú er gert, sjá 3. gr. frumvarpanna. Í umsögn um 3. gr. hins fyrra frumvarps sagði m.a. svo: *Hugtakið "lögreglumaður" tekur til þeirra starfsmanna lögreglunnar sem fara með lögregluvald, þ.e. þeirra starfsmanna löggæslunnar sem hafa heimild til að beita þeim úrræðum sem lög heimila lögreglu í því skyni að hún fái gegnt hlutverki sínu.* Samkvæmt þessari skilgreiningu töldust t.d. lögreglustjórar til lögreglumanna eins og lögregluþjónar, sbr. 8. gr. fyrra frumvarps, en hugtakið *lögregluþjónn* var einmitt notað um þá sem hugtakið *lögreglumaður* er notað um í nýja frumvarpinu. Breytingin á hugtakanotkun, sem nýja frumvarpið felur í sér, skapar nokkurn vanda í lagasmíðinni og virðist hafa verið reynt að leysa þann vanda, t.d. í III. kafla frumvarpsins, með því að nota orðasambandið *handhafi lögregluvalds* í staðinn fyrir hugtakið *lögreglumaður*. Samræmis virðist hins vegar ekki gætt í öllum tilvikum og má t.d. benda á 7. gr. frumvarpsins í þessu sambandi. Lög um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991 blandast einnig inn í þessa hugtakanotkun. Í XII. kafla þeirra laga, um handtöku, segir í 97. gr. 1. mgr.: *Lögreglumönnum er rétt að handtaka mann...* Sjá einnig 98. gr. Samkvæmt skýringu á hugtakinu *lögreglumaður* í nýja frumvarpinu sýnist mega komast að þeirra niðurstöðu að lögreglustjórum og t.d. fulltrúum þeirra sem fara með lögregluvald, sbr. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins, sé ekki heimilt að framkvæma handtöku samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála. Þetta getur tæpast staðið óbreytt eða ólagfært.

LL/

Lagt er til að greinin umorðist á þann veg; **Til lögreglumanna teljast þeir sem skipaðir eru eða settir til lögreglustarfs skv. 3. mgr. 28. gr.** Framangreind breyting er til samræmis við þá meginkröfu að ekki séu aðrir ráðnir til lögreglustarfa en þeir sem til þess hafa hlotið viðunandi menntun og þjálfun.

Lögreglufélag Norðurlands vestra/

Heiti þessarar greinar hefur verið breytt. Hét áður "Skýring hugtaka" en heitir nú "Lögreglumenn". Meginmálið er kannski ekki hvað greinarnar heita heldur hitt, hvert innihald þeirra er. Greininni hefur verið breytt þannig. Var áður *"Til lögreglumanna teljast þeir sem fara*

með lögregluvald skv. 1. mgr. 9. gr." Eru héraðslögreglumenn ekki lögreglumenn? Það er hægt að misskilja þessa grein, samkv. því sem segir í 4. mgr. 28. gr. Ekki er minnst einu orði á héraðslögreglumenn í þeirri grein og gallinn er sá að í 39. gr. laganna er ekki að finna *a-b- eða c-lið* 2. mgr. Við nánari athugun mun vera átt við 38. gr. Í fyrstu frumvarpsdrögum hljóðaði 38. gr. þannig.

1. Dómsmálaráðherra skipar skólastjóra Lögregluskóla ríkisins. Hann skal fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar og hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum.

2. Við Lögregluskóla ríkisins skulu starfa yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn sem dómsmálaráðherra skipar.

Í frumvarpinu sem dagsett er þ. 14.02.1996, sem var til umræðu á formannafundi þ. 29. feb. sl. vantar alfarið 38. greinina. Á eftir 37. gr. kemur 39. gr. Í því frumvarpi sem nú er til umræðu er 38. gr. komin en hún ber nú heitið "Inntaka nýnema og námstilhögun". Það sér því hver heilvita maður sem les þetta frumvarp að það er illa unnið og er varla hægt að ætlast til að þeir sem eiga að gefa umsögn um það, hafi ekki betri tíma til þess.

Lögregluskóli ríkisins/

Þrátt fyrir þessi ákvæði telur LSR að á nokkrum stöðum í frumvarpinu séu ákvæði sem einskorðuð eru við lögreglumenn en ættu í raun að ná til *allra handhafa lögregluvalds* og sum jafnvel til *allra starfsmanna lögreglunnar*. Í þessu sambandi er bent á eftirfarandi ákvæði en að sumu sem hér er nefnt er vikið nánar síðar í umsögn þessari:

a) h-liður 1. mgr. 5. gr.

>þáttaka lögreglumanna úr fleiri en einu umdæmi<

b) 1., 2., 4. og 5. mgr. 7. gr.

>starfssvæði lögreglu<

c) 3. mgr. 8. gr.

>aðstoð lögreglumanna í rannsóknardeildum<

d) yfirskrift III. kafla

>Skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa<

e) 1. ml. 1. mgr. 20. gr.

>lögreglumenn geta kvatt sér til aðstoðar...<

f) 1. og 2. mgr. 25. gr.

>um lögreglustörf utan vinnutíma<

g) 29. gr.

>um heitstaf<

h) yfirskrift V. kafla

>Atriði sem varða starfskjör lögreglumanna<

i) 30. gr.

>um bótagreiðslur<

j) 31. gr.

>um bann við verkföllum<

k) 32. gr.

>um aukastörf<

l) 35. gr.

>um kæru á hendur lögreglu<

II. KAFLI

Skipulag lögreglu og æðsta stjórn.

4. gr.

Æðsta stjórn lögreglu.

Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Ríkislögreglustjóri fer með málefni lögreglunnar í umboði hans.

RLR/

Í fyrra frumvarpi var greinin þannig orðuð: *Dómsmálaráðherra er æðsti yfirmaður lögreglunnar í landinu. Ríkislögreglustjóri og lögreglustjórar fara með málefni lögreglunnar í umboði hans.* Í fyrirbyggjandi frumvarpi segir að ríkislögreglustjóri fari með málefni lögreglunnar í umboði hans. Lögreglustjórar fara með lögreglustjórn hver í sínu umdæmi í umboði dómsmálaráðherra, sbr. 6. gr. frumvarpsins, og með hliðsjón af hlutverki ríkislögreglustjóra samkvæmt 5. gr. frumvarpsins sýnist ákvæðið í fyrra frumvarpi rökrétt.

5. gr.

Ríkislögreglustjóri.

1. Hlutverk ríkislögreglustjóra er:

að flytja og kynna lögreglustjórum boð og ákvarðanir æðstu handhafa ríkisvaldsins sem snerta starfsemi lögreglunnar með einum eða öðrum hætti og vinna að og fylgjast með að þeim ákvörðunum verði fylgt í starfsemi lögreglunnar,

að láta dómsmálaráðherra í té upplýsingar um hvers konar lögreglumálefni sem hann getur notað til að undirbúa og byggja ákvarðanir sínar á,

að gera tillögur til dómsmálaráðherra um almenn fyrirmæli til lögreglustjóra,

að vinna að og gera tillögur um hagræðingu, samræmingu, framþróun og öryggi í starfsemi lögreglunnar,

að annast alþjóðasamskipti á sviði löggæslu,

að veita lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglustörfum,

að annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu á landsvísu eða samstarf við lögreglu í öðru landi,

að hafa með höndum yfirstjórn eða gefa fyrirmæli um framkvæmd einstakra löggæsluverkefna sem krefjast viðamikils undirbúnings eða þátttöku lögreglumanna úr fleiri en einu umdæmi. Ríkislögreglustjóri skal að fengnu samþykki dómsmálaráðherra tilkynna hlutaðeigandi lögreglustjóra eða lögreglustjórum ákvörðun sína varðandi stjórn löggæsluverkefnis með hæfilegum fyrirvara.

2. Sérstök verkefni sem ríkislögreglustjóra ber að hafa með höndum eru:
 - að starfrækja lögreglurannsóknardeild sem rannsakar skatta- og efnahagsbrot,
 - að starfrækja lögreglurannsóknardeild sem rannsakar landráð og brot gegn stjórnskipan ríkisins og æðstu stjórnvöldum þess og aðstoðar lögreglustjóra við rannsókn alvarlegra brota, deildin skal rannsaka mál vegna kæra á hendur lögreglumönnum vegna brots í starfi,
 - að starfrækja almenna deild er annist kerfisbundna skráningu upplýsinga um lögreglumálefni, hafi umsjón með kaupum á ökutækjum, búnaði og fatnaði lögreglu og hafi reglulegt eftirlit með lögreglustöðvum, tækjum þeirra og búnaði,
 - að starfrækja alþjóðadeild er annist alþjóðleg boðskipti,
 - að starfrækja rannsóknarstofu sem annist skjalarannsóknir, fingrafararannsóknir og aðrar slíkar tæknilegar lögreglurannsóknir.
3. Dómsmálaráðherra mælir nánar fyrir um starfsemi ríkislögreglustjóra.
4. Ríkislögreglustjóra til aðstoðar er vararíkislögreglustjóri. Hann er staðgengill ríkislögreglustjóra.
5. Þegar ríkislögreglustjóri er svo við málfefni eða aðila riðinn að hann mætti eigi gegna dómastörfum í því skal hann víkja sæti og setur dómsmálaráðherra þá löghæfan mann til meðferðar þess máls.

RLR/

Sú áætlun að stofna embætti ríkislögreglustjóra, sem hafi m.a. með höndum samræmingu og hagræðingu í hvers konar störfum lögreglunnar, er studd. Álitamál getur verið, hve nákvæmlega á telja upp viðfangsefni, sem flokkast undir hlutverk ríkislögreglustjóra eða sérstök verkefni hans. Í 5. gr. frumvarpsins er margt nefnt, en til viðbótar því sem þar kemur fram tel ég rétt að geta eftirfarandi viðfangsefna sérstaklega:

Að samræma og skipuleggja aðgerðir lögreglu gegn ávana- og fikniefnabrotum.

Að samræma og skipuleggja aðgerðir lögreglu í björgunarmálum.

FÍR/

Það hlýtur að vera eðlileg og sjálfsögð krafa sjórnar FÍR að gerð sé nánari grein fyrir því hvernig eigi að standa að því að leggja niður RLR og stofna embætti ríkislögreglustjóra. Hér er um mjög mikilvægt mál að ræða sem snertir atvinnuöryggi tæplega 50 manna bæði hjá RLR og útlendingaefirliti. Eins og staðan er í dag er nú til meðferðar á Alþingi frumvarp til laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Samkvæmt því munu lögreglumenn flokkast til embættismanna og verða skipaðir til fimm ára í senn nema annað sé ákveðið í lögum. Stjórn FÍR telur það óásættanlegt með öllu að skipulegsbreyting þessi verði til þess að rannsóknarlögreglumenn, sumir með margra áratuga reynslu að baki, verði fyrir skerðingu á réttindum sínum og fái t.d. tímabundna skipun í stað ótímabundinnar. Ekki er annað að sjá en hætta sé á þessu þar sem þeim, sem verður sagt upp störfum, verði endurráðnir samkvæmt ákvæðum nýrra laga um réttindi og skyldur ríkisstarfsmanna. Því er nauðsynlegt að taka á þessu vandamáli með bráðabirgðaákvæði ef frumvarpið verður að lögum.

Stjórn FÍR telur enn fremur nauðsynlegt að sjá hvernig skipurit hinna ýmsu embætta eiga að líta út eftir þessarar breytingar. Enn fremur þyrftu að vera fyrirbyggjandi drög eða hugmyndir að reglugerð þar sem kveðið væri nánar á um starfskiptingu embættis ríkislögreglustjóra og annarra lögreglustjóra. Þar að auki væri eðlilegt að fram kæmi hvernig yrði staðið að flutningi þessara stöðugilda milli embætta og hvort öruggt sé að öllum þeim, sem verða fyrir uppsögnum, verði tryggðar sambærilegar stöður og launa- og starskjör. Slíka tryggingu mætti einnig sjá í sérstöku

ákvæði til bráðabirgða í frumvarpinu.

Svo virðist sem engin talnaleg rök liggi að baki álitni nefndarinnar hvað varðar framtíðarskipulag löggæslu. Samt sem áður fagnar stjórn FÍR því að efla eigi lögreglurannsóknir utan Reykjavíkursvæðisins. Hins vegar varar stjórnin við því að það verði gert á kostnað löggæslu á höfuðborgarsvæðinu. Enn fremur eru uppi efasemdir við það fyrirkomulag að skipta tæknivinnu á a.m.k. tvo staði. Þar að auki hafa vaknað spurningar um hlutverk þeirra starfsmanna lögregludeildar dómsmálaráðuneytisins sem verða þar eftir.

Gert er ráð fyrir því að ríkislögreglustjóri hafi með höndum rannsókn skatta- og efnahagsbrota. Hins vegar er ekki annað að skilja en að rannsókn fjársvikamála færist til staðarlögreglu. Eins og staðan er nú í dag eru mörkin óljós á milli starfsemi þeirrar deildar RLR, sem fer með rannsókn fjársvikamála, og deildar sem annast rannsókn skatta- og efnahagsbrota. Ef rannsóknir þessara mála færast á margar hendur er hætta á að ekki verði lengur til sú yfirsýn, sem er nauðsynleg yfir þennan málaflokk, enda er að verða æ algengara að fjársvikamál teygi anga sína yfir mörg lögsagnarumdæmi, sérstaklega þegar um er að ræða keðjur af slíkum málum. Við slíkar kringumstæður er hætta á að rannsóknaraðilar nái ekki yfirsýn yfir málin ef þau eru til rannsókna á mörgum stöðum.

Enn fremur má vekja athygli á þeirri skoðun margra að jafn mikilvæg stofnun og lögreglan eigi að hafa borgaralega yfirstjórn, þ.e. lögregluráð sem myndi taka ákvarðanir í stefnumótandi málum. Slíkt gæti verið til þess fallið að styrkja þann trúnað sem hefur ríkt fram að þessu á milli lögreglu og borgara þessa lands.

LL/

Lagt er til að g-liður 1. mgr. hljóði svo; **Hafa með höndum ýmis önnur verkefni á sviði löggæslu, sem ekki eru bundin við einstök embætti, eftir því sem nánar er kveðið á um í lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.** Lagt er til að b-lið 2. mgr. verði breytt á þann veg að setningin; **"Deildin skal rannsaka mál vegna kæra á hendur lögreglumönnum vegna brots í starfi"**, falli brott. Í hennar stað verði 36. gr. umorðuð, sbr. umfjöllun síðar. Lagt er til að myndaður verði f-liður við 2. mgr., í hverri eftirliti með útlendingum verði fundinn staður til samræmis við 10. mgr. 43. gr. frumvarpsins.

Lögreglustjórinn í Reykjavík/

Ég tel miður, að embætti ríkislögreglustjóra skuli ætlað að starfrækja sjáfstæðar deildir til lögreglustarfa. Er þar gengið þvert á ríkjandi skoðanir á öðrum Norðurlöndum.

Lögreflugfélag Gullbringusýslu/

Að sú breyting verði gerð, sbr. 5. gr., á hlutverki sýslumannsembættanna að yfirstjórn löggæslunnar verði færð yfir til ríkislögreglustjóra. Ríkjandi fyrirkomulag ber öll einkenni gamla lénsskipulagsins og því engan veginn í takt við tímann. Núverandi skipulag stendur framgangi, menntun og þróun lögreglunnar fyrir þrifum. Er því full ástæða til að einfalda yfirstjórnina og fella út það skipulag sem vinnur gegn sjálfu sér.

Lögreflugfélag Norðurlands vestra/

Ástæða er til að fagna stofnun embættis ríkislögreglustjóra, því brýnt er að yfirstjórn sé á einni hendi og með þessu ætti að nást samræming á löggæslu í landinu. En það er umhugsunarvert hvort ekki séu færð full mikil völd á eina hendi, með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til. Þá er vert að gera athugasemd við 5. mgr. Það má á þessu skilja að gert sé ráð fyrir því að ríkislögreglustjóri fari með dómsvald. Það getur ekki talist eðlilegt að ríkislögreglustjóri, sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu að starfræki rannsóknardeildir, fari jafnframt með dómsvald. Á það skal líka bent að þess er hvergi getið í þessari grein að hann hafi þetta vald. Hér er því trúlega um einhvern misskilning að ræða.

Lögreflugskóli ríkisins/

Lögreflugskóli ríkisins (LSR) er sammála því meginatriði sem kemur fram í frumvarpinu að stofnað verði til embættis ríkislögreglustjóra.

LSR leggur hins vegar áherslu á miklvægi valdboðs ríkislögreglustjórans gagnvart lögreglustjórum, og lögreglu í landinu, og telur að hann eigi að hafa daglega verkstjórn á hendi án þess að þurfa að bera einstaka málefni undir ráðherrann. Á nokkrum stöðum í frumvarpinu er að mati LSR dregið úr valdi ríkislögreglustjórans í beinu framhaldi þess að verið er að veita honum vald. Má í þessu sambandi nefna:

- a) c- lið 1. mgr. 5. gr.
- b) 2. ml. h-liðar 1. mgr. 5. gr.
- c) 2. ml. a-liðar 4. mgr. 7. gr.

Ósamræmi í vinnubrögðum og mismunandi meðferð mála hjá lögreglu er andstætt jafnræðisreglu.

Fangelsismálastofnun ríkisins/

Fangelsismálastofnun leggur til að b-lið 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins verði skipt upp í tvo töluliði þannig að ríkari áhersla sé lögð á hlutverk rannsóknardeildar ríkislögreglustjóra sem stoðdeildar við hin ýmsu lögreglustjóraembætti.

6. gr.

Lögrefluumdæmi og stjórn þeirra.

1. Landið skiptist í lögregluumdæmi sem fara saman við skiptingu þess í stjórnsýsluumdæmi. Sýslumenn eru lögreglustjórar hver í sínu umdæmi nema í Reykjavík þar sem lögreglustjórn er í höndum sérstaks lögreglustjóra. Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfa

varalögreglustjóri.

2. Lögreglustjórar fara með stjórn lögregluliðs, hver í sínu umdæmi. Þeir annast daglega stjórn og rekstur lögreglunnar í umdæmi sínu og bera ábyrgð á framkvæmd lögreglustarfa innan þess.

3. Dómsmálaráðherra getur falið öðrum en hinum reglulega lögreglustjóra umdæmis að fara með lögreglustjórn þar tímabundið þegar sérstaklega stendur á.

4. Dómsmálaráðherra er heimilt að setja annan löghæfan mann í stað hins reglubundna lögreglustjóra til meðferðar einstaks máls.

FÍR/

Stjórn FÍR harmar að ekki skuli tekið af alvöru á grundvallarvandamáli löggæslu í landinu, skiptingu lögreglunnar í 28 lögreglulið. Enn fremur hljóta að vakna spurningar um nauðsyn þess að lögreglan sé undir stjórn sýslumanna í ljósi þess fyrirkomulags sem er í Reykjavík. Þar hafa embætti sýslumanns og lögreglustjóra verið aðskilin um árabíl án nokkurra vandkvæða. Í þessu frumvarpi virðist hins vegar fyrirkomulag, sem miðast við hestasamgöngur á Þjóðveldisöld, muni enn einu sinni hafa vinninginn með tilheyrandi kostnaði fyrir skattgreiðendur.

Lögreflufélag Austurlands/

1. mgr. orðist svo: "*Landið skiptist í lögregluumdæmi sem fara saman við kjördæmi landsins og lögreglustjórn hvers umdæmis verði í höndum sérstaks lögreglustjóra. Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfa varalögreflustjóri*".

7. gr.

Starfssvæði lögreglu.

1. Lögreglumenn hafa lögregluvald hvar sem er á landinu.

2. Starfssvæði lögreglumanns er það umdæmi sem hann er skipaður, settur eða ráðinn til þess að starfa í.

3. Dómsmálaráðherra getur ákveðið að hluti lögregluliðs skuli gegna lögreglustörfum alls staðar á landinu. Hann setur reglur um störf þess lögregluliðs og hvernig stjórn þess skuli háttað.

4. Heimilt er að vikja frá ákvæði 2. mgr. í eftirfarandi tilvikum:

Ríkislögreflustjóri getur ákveðið að höfðu samráði við lögreglustjóra að lögreglulið í einu umdæmi skuli tímabundið gegna lögreglustörfum í öðru umdæmi og ákveður þá jafnframt hver skuli fara með stjórn þess. Þá getur

dómsmálaráðherra samkvæmt tillögu ríkislögreglustjóra falið lögreglustjórum tímabundið tiltekin löggæsluverkefni utan síns umdæmis ef hagfelld þykir vegna staðháttanna.

Lögreglumanni er heimilt að fara út fyrir starfssvæði sitt til þess að ljúka lögregluaðgerð sem hann hefur hafið innan þess. Á sama hátt getur lögreglumaður unnið lögregluverk utan umdæmis síns ef verkefnið krefst þess eða brýna nauðsyn ber til.

Lögreglumanni, sem er að störfum en á leið um annað lögregluumdæmi, er heimilt að hafa afskipti af mönnum sem hann stendur að lögbrotum.

5. Lögreglumaður skal tilkynna yfirmanni sínum um aðgerðir sínar skv. b- og c-liðum 4. mgr. svo fljótt sem kostur er. Með sama hætti ber að tilkynna lögreglustjóra hlutaðeigandi umdæmis um aðgerðir lögreglumanns.

Fangelsismálastofnun ríkisins/

Allmiklar breytingar eru lagðar til varðandi starfssvæði lögreglu sbr. 7. gr. frumvarpsins. Ekki er útilokað að komið geti upp ágreiningur milli umdæma um lögregluaðgerðir og væri þá eðlilegt að ríkislögreglustjóra væri falið að skera úr slíkum ágreiningi.

8. gr.

Sérstakar rannsóknardeildir.

1. Við embætti eftirtalinna lögreglustjóra skulu vera sérstakar rannsóknardeildir:
lögreglustjórans í Reykjavík fyrir umdæmi hans,
lögreglustjórans á Akranesi fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans í Borgarnesi, í Stykkishólmi og í Búðardal,
lögreglustjórans á Ísafirði fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans á Patreksfirði, í Bolungarvík og á Hólmavík,
lögreglustjórans á Sauðárkróki fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans á Blönduósi og á Siglufirði,
lögreglustjórans á Akureyri fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans á Ólafsfirði og á Húsavík,
lögreglustjórans á Seyðisfirði fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans í Neskaupstað, á Eskifirði og á Höfn,
lögreglustjórans á Selfossi fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans í Vík í Mýrdal og á Hvolsvelli,
lögreglustjórans í Vestmannaeyjum fyrir umdæmi hans,
lögreglustjórans í Keflavík fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans á Keflavíkurlflugvelli,
lögreglustjórans í Hafnarfirði fyrir umdæmi hans og lögreglustjórans í Kópavogi.
2. Lögreglumenn í rannsóknardeildum skulu rannsaka brot í sínu lögregluumdæmi eftir fyrirætlum hlutaðeigandi lögreglustjóra.
3. Lögreglustjóra í umdæmi þar sem ekki er starfandi rannsóknardeild skv. 1. mgr. er heimilt að leita eftir aðstoð lögreglumanna í rannsóknardeildum skv. 1. mgr. við rannsókn brota. Ef brot er alvarlegt skal hann að jafnaði leita eftir slíkri aðstoð og er þá ríkislögreglustjóra heimilt að fela lögreglustjóra í umdæmi þar sem rannsóknardeild starfar stjórn rannsóknarinnar.
4. Ríkislögreglustjóri sker úr um í hvaða umdæmi mál skuli rannsakað.
5. Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um starfsemi rannsóknardeilda.

6. Við embætti lögreglustjórans í Reykjavík skal starfrækt tæknideild sem sinni vettvangsrannsóknum og öðrum slíkum rannsóknum. Tæknideildin skal þjóna öllum lögregluumdæmum og setur dómsmálaráðherra nánari reglur um starfrækslu hennar.

RLR/

Jafnframt er lýst stuðningi við þá fyrirætlun, sem felst í frumvarpinu, að lögreglustjórar og lögreglulið, hvar sem er á landinu, hafi sömu heimildir til lögregluaðgerða, þar með til lögreglurannsókna (sjá þó 8. gr.) og beri ábyrgð á hvers konar löggæslustörfum hver í sínu umdæmi. Í þessu felst að lögreglan í Reykjavík mun fá sömu heimildir til lögregluaðgerða og lögreglurannsókna og lögreglan á Akureyri. Þessu er ekki þannig háttáð samkvæmt gildandi skipulagi enda annast Rannsóknarlögregla ríkisins rannsókn á megin þorra hegningarlaga brota og reyndar fleiri brota sem framin eru í Reykjavík og nágrenni.

Eindregið er lagst gegn þeirri hugmynd sem felst í 8. gr. frumvarpsins. Sýnist ótækt að umdæmi rannsóknardeildar lögregluliðs sé annað og stærra en umdæmi lögregluliðsins í heild og þar með lögreglustjórans í umdæminu sem rannsóknardeildin virðist þó heyra undir.

Þá verður að telja að þessi skipan sé algjörlega þarflaus. Má benda á, að hlutverk ríkislögreglustjóra er að veita lögreglustjórum hvar sem er á landinu aðstoð og stuðning í lögreglustörfum. Hann starfrækir lögreglurannsóknardeild sem aðstoðar lögreglustjóra við rannsókn alvarlegra afbrota. Auk þessa má benda á heimildina í a lið 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins til að færa starfskrafta á milli umdæma.

Ég tel að taka eigi af skarið og setja fram með skýrum hætti í 4. mgr. 7. gr. heimild til handa ríkislögreglustjóra, og þá eftir nánari reglum sem dómsmálaráðherra setur, að taka viðeigandi ákvarðanir að höfðu samráði við lögreglustjórana sem í hlut eiga, þegar atvikum og aðstæðum háttar þannig að nauðsynlegt þykir að efna til samstarfs og samvinnu lögregluliða til að leysa lögregluverkefni.

Hins vegar tel ég ákvæðið í b. lið 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins eiga að falla brott. Sýnist það tæpast samþýðanlegt því hlutverki ríkislögreglustjóra að samræma störf lögreglunnar í landinu og miðla kröftum á milli lögregluliða, þegar þurfa þykir. Virðist eðlilegt að lögreglustjórar beri erindi sín um þetta efni, styrkingu lögregluliðs eða flutning liðs á milli umdæma, undir ríkislögreglustjóra.

Óþarft er að mæla fyrir um rannsóknardeildir í lögum um lögregluna og sýnist það jafnframt óheppilegt í stjórnunarlegu tillitil Almenn lögregla á að geta rannsakað og afgreitt flest algengustu brotin sem framin eru. Lagaákvæði um rannsóknardeildir veinnur gegn þeirri skipan og reisir óæskilega múra á milli deilda lögregluliða. Hugleiðingar í athugasemdum með 8. gr. frumvarpsins nægja ekki til að fella þá múra sem lagaákvæðið reisir. Einnig má spyrja hvers vegna lögfesta eigi ákvæði um rannsóknardeildir fremur en um aðrar deildir lögreglunnar.

Í stað þess að fjalla sérstaklega um rannsóknardeildir má bæta ákvæði inn í lögina (frumvarpið) t.d. í 27. gr. um að dómsmálaráðherra ákveði að tiltekinn fjöldi lögreglumanna skuli gegna starfi rannsóknarlögreglumanna sem hafi það megin viðfangsefni að rannsaka afbrot. Jafnframt sýnist vel koma til greina að mæla fyrir um, t.d. í 27. gr. eða í 3. mgr. 28., að dómsmálaráðherra staðfesti skipurit lögregluliða.

Samkvæmt framangreindu er eindregið lagt til að 8. gr. frumvarpsins falli brott og að 4. mgr. 7. gr. verði lagfærð.

FÍR/ Stjórn FÍR telur óeðlilegt að sami rannsóknarlögreglumaður lúti mismunandi yfir-
stjórn, allt eftir því hvaða mál hann er að rannsaka hverju sinni. Það þarf ekki að
orðlengja það frekar að slíkt fyrirkomulag kallar á árekstra í samskiptum manna. Enn
fremur má benda á að samkvæmt viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu eiga
lögreglumenn rétt á að skýlaust liggi fyrir hver fer með stjórnun þeirra. Í frumvarpinu
er þetta atriði mjög óvísst hvað varðar rannsóknarlögreglumenn. Þeir gætu lent í
þeirri aðstöðu að hafa með höndum rannsóknir í sakamálum sem heyra undir fjóra
sýslumenn eins og t.d. rannsóknardeildin á Akranesi. Rannsóknarlögreglumaður í
slíkri stöðu væri aldrei viss um hver færi með yfirstjórn rannsóknarinnar. Enn fremur
gætu komið upp ýmis önnur álitamál, t.d. hvaða sýslumannsembætti eigi að bera
kostnað við lögreglurannsóknina. Einnig er vakin athygli á ákvæðum kjarasamnings
lögreglumanna hvað varðar vinnu utan lögsagnarumdæmis.

LL/

Með hliðsjón af starfssvæði rannsóknardeilda er aðfinnsluvert að þeir lögreglumenn, sem starfa
innan þessara deilda, munu starfa undir stjórn ýmissa yfirmanna. Mikilvægt er í starfsemi
lögreglu að röð fyrirmæla sé skýr og lögreglumaðurinn þekki það skipulag sem hann heyrir undir.
Þá er viðhaldið þeim starfskiptingarákvaðum, sem áður fylgdu þeim málum sem rannsaka skyldi
hjá RLR, og eru því líkur til að þau vandkvæði fylgi starfinu áfram, nú innan 10 umdæma
rannsóknarlögregludeilda. Þá er einnig vert að gaumgæfa hver beri kostnað af starfsemi
rannsóknardeildanna, þegar starfsmenn þeirra starfa í öðrum lögsagnarumdæmum, innan
rannsóknarumdæmis.

Lögreglustjórinn í Reykjavík/

Verulegar lagabætur við flutning á megin hluta rannsóknarstarfa auk ákærvalds til lögreglu á
viðkomandi svæðum. Mun sú nýskipan hafa umtalsverða hagræðingu í för með sér, er fram líða
stundir.

Það er álit mitt, að við breytingar skv. 8. gr. verði að fara hægar í sakir en ráðgert er. Koma þar
einkum til kostnaðarþættir og hrein bylting á innra fyrirkomulagi. Af meðfylgjandi yfirliti,
byggðu á gögnum frá Rannsóknarlögreglu ríkisins má álykta, að umræddar ráðagerðir rúmist
ræplega innan fjárhagsramma þess, sem reiknað er með. Jafnframt þarf að skipuleggja markvísst
og tímanlega færslu hins mikla málafjölda milli embætta og dreifa á tiltekið tímabil. Verður
þannig helst komist hjá hugsanlegum eyðum í rannsóknum, sem leitt gætu til réttarspjalla.

Lögreglufélag Reykjavíkur/

Stjórn LR telur að þeir fjármunir sem ætlaðir eru til að mæta auknum kostnaði embættis
lögreglustjórans í Reykjavík vegna flutnings á verkefnum til embættisins séu stórlega vanáætlaðir
og óttast að þeir útreikningar sem þar eru lagðir til grundvallar séu ekki byggðir á traustum
grunni. Má nefna þá tæknideild sem ætlunin er að setja á stofn hjá embætti lögreglustjórans í
Reykjavík að í fylgiskjölum er rætt um að embættinu verði tryggð fjárveiting svo að aðrir þurfi
ekki að greiða fyrir þjónustu þeirrar deildar. Fráleitt er að sú trygging sé innifalin í þeim 58
milljónum sem koma á í hlut lögreglustjórans í Reykjavík. Stjórn LR fer fram á að úttekt fari
fram af hlutlausum aðila þar sem allir kostir og gallar þessa flutnings séu metnir sem og

raunverulegur kostnaður. Einnig að samskonar úttekt fari fram á embætti lögreglustjórans í Reykjavík sem meti útgjaldþörf embættisins bæði fyrir og eftir fyrirhugaða breytingu með bættu úrvinnslu verkefnanna að leiðarljósi.

Við 16. gr. 2. tölulið bætist eftirfarandi: Skýra skal handteknum manni tafarlaust frá rétti sínum samkvæmt 3. mgr. 32. gr. l.nr. 19/1991 og 1. mgr. 36. gr. sömu laga. LR telur að það sé mikil nauðsyn fyrir lögreglumenn sem starfa á götunni að reglur séu ljósar og enginn vafi þar á ferð. Nokkur óvissa hefur ríkt meðal lögreglumanna hvenær eigi að skýra handteknum manni frá réttarstöðu sinni og reglur um þetta hafa verið misvísandi á milli embætta. Lögfræðingar hafa tilkað þær reglur sem fyrir eru á misvísandi hátt.

Lögreglufélag Kópavogs/

J- liður þeirrar greinar falli út, sem er að rannsóknardeild lögreglustjórans í Kópavogi sé undir yfirstjórn lögreglustjórans í Hafnarfirði og nýjum lið verði bætt við greinina þar sem lögreglustjórinn í Kópavogi sé með sérstaka rannsóknardeild.

Lögreglufélag Norðurlands vestra/

3. mgr. hljóðaði svo í frumvarpsdrögum frá 14.02.sl. *"Lögreglumenn í rannsóknardeildum skulu rannsaka brot eða aðstoða við rannsókn brots í öðrum umdæmum á svæði rannsóknardeildarinnar, samanber a- til j- liði 1. mgr., ef þyngri refsing liggur við broti en tveggja ára fangelsi. Lögreglustjóri í hlutaðeigandi umdæmi stýrir rannsókninni nema ríkislögreglustjóri feli öðrum lögreglustjóra stjórn hennar Ríkislögreglustjóri getur falið rannsóknardeild að aðstoða við rannsókn brots í öðru lögregluumdæmi á svæði rannsóknardeildar þó að vægari refsing liggja við broti."*

Eðlilegt hefði verið að láta eftir farandi ákvæði halda sér. *"ef þyngri refsing liggur við broti en tveggja ára fangelsi"*

Með þessu yrði komið á samræmingu á rannsókna alvarlegra brota milli embætta.

Lögregluskóli ríkisins/

Samkvæmt 8. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir tíu sérstökum rannsóknardeildum við embætti tiltekinnna lögreglustjóra. Reyndar kemur fram í greinargerð að *"hlutverk rannsóknarlögregludeilda, sem nú eru starfræktar við embætti lögreglustjóranna í Kópavogi og á Keflavíkurflugvelli, verði nánast óbreytt frá því sem nú er en þær deildir falla ekki undir ákvæði 8. gr."* Samkvæmt þessu verður að skilja það svo að ætlunin sé að deildirnar verði tólf en ekki tíu.

LSR vill taka fram í þessu sambandi að í lögum er hvergi talað um *rannsóknarlögreglumenn*. Í lögum um rannsóknarlögreglu ríkisins (RLR), nr. 108/1976, er í 2. mgr. 1. gr. fjallað um að RLR skuli hafa á að skipa starfsfólki, er sé sérhæft til að rannsaka ýmsar tegundir brota og í 6. gr. er fjallað um *rannsóknarlögregludeildir* undir stjórn viðkomandi lögreglustjóra. Telja verður að í valdi ríkislögreglustjóra, skv. 5. gr. frumvarpsins, og í hlutverki lögreglustjóranna, skv. 2. mgr. 6. gr., felist (eigi að felast) að þeir geti ákveðið skipulag lögregluliða, e.a. að höfðu samráði við ráðuneyti.

LSR telur í raun óþarfa að gera og mikið úr rannsóknarhlutverki lögreglu. Þeir lögreglunemar sem ljúka grunnnámi frá skólanum, og hafa einnig lokið starfsnámi, eiga að geta sinnt öllum venjulegum upplýsinga- og rannsóknarviðfangsefnum. Þörfin fyrir sérhæft lögreglulið er ekki

svo mikil sem menn ætla. Hins vegar er með eflingu Lögregluskóla ríkisins, sem stendur yfir og hefur verið í þróun á síðustu misserum, gert ráð fyrir að í framhaldsdeild verði á sérgreinasviði haldin sérstök námskeið þannig að tryggt verði að þeir sem eiga að fást við upplýsinga- og rannsóknarstörf, umfram það sem eðlilegt má telja að tilheyri almennu lögreglustarfi, fái sérþjálfun í skólanum.

LSR er ekki kunnugt um hvaða forsendur nákvæmlega eða úttekt liggur að baki því að skipta sérstökum rannsóknardeildum niður með þeim hætti sem gert er í 8. gr. Ekki er óeðlilegt að menn velti því fyrir sér hvort nauðsynlegt sé að kveða á um deildir þessar í lögum með þeim hætti sem gert er.

Samkvæmt 6. mgr. 8 gr. er gert ráð fyrir tæknideild við embætti lögreglustjórans í Reykjavík. Samkvæmt 2. mál. málsgreinarinnar skal tæknideildin þjóna öllum lögregluumdæmum. Þetta ákvæði vekur upp spurningar. Eins og áður er komið fram, er það mat LSR að almennir lögreglumenn geti sinnt venjulegum upplýsinga- og rannsóknarverkefnum. Almenn rannsókn á brotavettvangi fellur tvímælalaust þar undir. Það er lögreglunni ákaflega mikilvægt að geta í hverju umdæmi sinnt öllum venjubundnum löggæsluviðfangsefnum.

Rökin fyrir tæknideild í Reykjavík, sem sinni öllum lögregluliðum, eru ekki augljós, t.a.m. að teknu tilliti til þess að við embætti ríkislögreglustjóra skal skv. e-lið 2. mgr. 5. gr. starfrækt rannsóknarstofa sem annast skjalaramsóknir, fingrafararamsóknir og aðrar slíkar tæknilegar lögreglurannsóknir. Samkvæmt f-lið 2. mgr. 5. gr. er og gert ráð fyrir því að ríkislögreglustjóri skuli "*veita lögreglustjórum aðstoð og stuðning í lögreglustörfum*" eins og þar segir. Þessar hugmyndir um tæknideild við lögregluna í Reykjavík á landsvísu vekja einnig upp spurningar um aðrar deildir í Reykjavík, svo sem *fikniefnadeild* og *víkingasveit* og ekki er óeðlilegt að spurt sé hvort rétt sé að sú starfsemi tilheyri ríkislögreglustjóranum? Í þessu sambandi má og benda á ákvæði 10. liðar 43. gr. frumvarpsins, sem breytir 1. mgr. 20. gr. laga um eftirlit með útlendingum, en ef það verður að lögum verður "*útlendingaefirlitið sérstök stofnun sem ríkislögreglustjóri veitir forstöðu*" (en tilheyrir ekki lögreglustjórnunum í Reykjavík eins og áður).

Lögreglufélag Austurlands/

Ef ekki verður skipaður lögreglustjóri skv. 6. gr. verði rannsóknardeild áfram staðsett á Eskifirði eins og verið hefur og því breytist f-liður 8. gr. svo: "*lögreglustjórans á Eskifirði fyrir umdæmi hans, lögreglustjórans á Neskaupstað, á Seyðisfirði og Höfn*".

Sýslumaðurinn í Stykkishólmi/

Tillaga mín er sú að 8. greinin verði felld út frumvarpinu en rannsóknardeildir sem fyrir hendi eru í dag verði starfræktar áfram með sama hætti og verið hefur en við rannsóknir alvarlegra eða flókinna sakamála komi til aðstoðar embætti ríkislögreglustjóra eins og ráð er fyrir gert í b-lið 2. mgr. 5. gr. frumvarpsins. Með þessum hætti næst það markmið frumvarpsins að rannsóknum alvarlegra brota verði sinnt með viðeigandi hætti og þetta markmið næst án nokkurs kostnaðarauka fyrir ríkissjóð. Það verður að telja mjög varhugavert að setja í lög ákvæði er leiða til kostnaðarauka, svo sem lagt er til í 8. gr., án þess að sýnt hafi verið fram á nokkra þörf á honum.

9. gr.

Handhafar lögregluvalds.

1. Ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar, varalögreglustjórinn í Reykjavík, skólastjóri Lögregluskóla ríkisins, löglærðir fulltrúar lögreglustjóra og lögreglumenn fara með lögregluvald.

2. Dómsmálaráðherra er heimilt í undantekningartilvikum að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tímabundið eða til að sinna sérstökum verkefnum.

3. Skipshafnir varðskipa fara með lögregluvald þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.

4. Tollverðir fara með lögregluvald á sínu starfsviði og þegar þeir annast eða aðstoða við löggæslu.

5. Hreppstjórar fara með lögregluvald samkvæmt lögum um hreppstjóra.

6. Héraðslögreglumenn fara með lögregluvald þegar þeir gegna starfinu.

7. Þeir sem kvaddir eru lögreglu til aðstoðar lögum samkvæmt fara með lögregluvald á meðan þeir gegna starfanum.

8. Nemar í Lögregluskóla ríkisins fara með lögregluvald þegar þeir gegna lögreglustarfi.

FÍR/

1. mgr.

Hér er gott dæmi um nauðsyn þess að skilgreina hugtakið lögregluvald. Er hugmyndin t.d. sú að löglærðir fulltrúar handtaki fólk, beiti skotvopnum o.þ.h. án þess að hafa fengið til þess þjálfun? Nú þegar hafa komið upp vangaveltur um slíkt hjá löglærðum fulltrúa sýslumanns.

Ljóst er að í störf fulltrúa sýslumanna eru oft ráðnir lögfræðingar með litla sem enga starfsreynslu og með enga reynslu í löggæslu. Það hlýtur því að vera eðlileg krafa að slíkir aðilar fái einhvers konar menntun eða þjálfun í samræmi við þau störf sem þeim er ætlað að sinna hjá lögreglu.

2. mgr.

Stjórn FÍR mótmælir harðlega þeim hugmyndum að hægt sé að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tímabundið eða til að sinna sérstökum verkefnum. Í meira en tvo áratugi hafa samtök lögreglumanna barist fyrir lögverndun lögreglustarfsins. Megin markmið þeirra breytinga á núgildandi lögreglulögum, sem tóku gildi árið 1989, var að tryggja að hinn almenni borgari fengi þjónustu kunnáttumanna. Eftir að lög þessi tóku gildi hafa stjórnvöld ekki linnt látum og gert allt til að fá þessi lög afnumin. Nú hefur verið sett inn í frumvarpið ákvæði þar sem þessi starfsréttindi verða afnumin á einu bretti (sjá einnig umsögn um 28. gr. frumvarpsins). Lögreglumenn geta engan veginn sætt sig við að starfsréttindaákvæði þeirra séu tekin af þeim á þennan hátt og horfið aftur til fyrri ára er menn voru látnir sinna lögreglustörfum án allrar þekkingar á starfinu eða lágmarksmenntunar á sviði laga og reglna.

5. mgr.

Það er álit margra að lögregluvald í höndum hreppsstjóra sé ekki í takt við það sem

gerist í nútímaþjóðfélagi enda er þar yfirleitt um að ræða menn sem hafa enga þjálfun til slíkra starfa.

8. mgr.

Hér er gert ráð fyrir því að nemar í LSR fari með lögregluvald þrátt fyrir að á öðrum stað í frumvarpinu sé sagt að fyrri hluti grunnnáms skuli vera ólaunaður. Ekki er hægt að sjá hvernig slíkt getur farið saman.

LL/

Lagt er til að 2. mgr. falli brott. Að því gefnu að hagfelld þyki að hafa slíkt úrræði til staðar í lögreglulögum, er með hliðsjón af hæfiskröfum lögreglumanna lagt til að heimildin verði þrengd á þann veg að orðið "eða" falli brott. Greinin hljóði þá; **2. Dómsmálaráðherra er heimilt í undantekningartilfellum að fela öðrum starfsmönnum lögreglu lögregluvald tímabundið til að sinna sérstökum verkefnum.**

Lögreglufélag Norðurlands vestra/

2. málsgrein mætti fella niður. Hún gefur dómsmálaráðherra ansi mikið svigrúm til að ráða til starfa ófaglærða menn. Með þessu er vegið að starfsöryggi okkar og hætta er á að til árekstra kunnri að koma milli lögreglumanna sem hafa þetta að aðalstarfi og "annarra starfsmanna lögreglu" eins og segir í þessari málsgrein. Þá er rétt að benda á að hvergi er getið um það að ákvæði 29. gr. eigi við þessa starfsmenn.

10. gr.

Héraðslögreglumenn.

1. Lögreglustjóra er heimilt að fengnu samþykki ríkislögreglustjóra að ráða héraðslögreglumenn til starfa í umdæmi sínu, enda fullnægi þeir skilyrðum í a-, b- og c-liða 2. mgr. 39. gr. laganna.

2. Hlutverk héraðslögreglumanna er að gegna almennum löggæslustörfum þegar á þarf að halda, þar á meðal að halda uppi lögum og reglu á mannfundum og skemmtunum undir stjórn lögreglumanna.

3. Dómsmálaráðherra setur reglur um fjölda héraðslögreglumanna og störf þeirra.

4. Héraðslögreglumenn njóta sömu réttinda og bera sömu skyldur og lögreglumenn á meðan þeir gegna lögreglustörfum.

LL/

Með hliðsjón af hæfiskröfum lögreglumanna virðist eðlilegt að áfram verði takmörk á fjölda héraðslögreglumanna, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 56/1972 um lögreglumenn. Lagt er til að 3. mgr. hljóði svo; **Að fengnum tillögum sýslunefndar er ráðherra heimilt að ákveða, að í lögsagnarumdæmi skuli vera starfandi 2-8 héraðslögreglumenn.**

Lögreglufélag Norðurlands vestra/

Vert er að gera athugasemd við niðurlag 1. mgr. þessarar greinar en þar segir, "enda fullnægi þeir skilyrðum í a-, b- og c- liða 2. mgr. 39. gr. laganna." Í fyrsta lagi á þetta ekki við 2. mgr. 39. gr. heldur 2. mgr. 38. gr. og í öðru lagi má skilja það þannig í athugasemdum við 10. gr. sem fylgir

með frumvarpinu, að héraðslögreglumenn séu ekki "lögreglumenn" þ.e.a.s. að þeir teljast ekki til lögreglumanna ríkisins, en þeir fara með lögregluvald þegar þeir gegna starfinu, samkv. 6. mgr. 9. gr. En hvernig fæst þetta staðist? Væri ekki rétt að breyta þessu starfsheiti, ef þeir teljast ekki lögreglumenn?

11. gr.

Samvinna lögreglu við önnur stjórnvöld og stofnanir.

1. Lögreglan skal aðstoða ákærvaldið við störf þess.
2. Lögregla og önnur stjórnvöld og stofnanir skulu hafa gagnkvæmt samstarf varðandi verkefni sem tengjast löggæslu, svo sem forvarnir. Sérstaklega skal lögregla vinna með félagsmálayfirvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntamálayfirvöldum að forvörnum eftir því sem tilefni gefst til og aðstæður leyfa og upplýsa þessa aðila um málefni sem krefjast afskipta þeirra.

Útdeild Félagsmálast. Reykjavíkurborgar/

Ég lýsi yfir ánægju minni og finnst tímabært það sem stendur í 2. mgr. 11. gr. að lögfest sé ákvæði um gagnkvæma samvinnu.

12. gr.

Samstarfsnefndir lögreglu og sveitarfélaga.

1. Í hverju lögregluumdæmi skal starfa samstarfsnefnd um málefni lögreglunnar. Í henni sitja þrjú menn: Lögreglustjóri viðkomandi umdæmis sem jafnframt er formaður nefndarinnar og tveir sveitarstjórnarmenn tilnefndir af hálfu sveitarstjórna þeirra sveitarfélaga sem eru í lögregluumdæminu. Fundi skal halda eigi sjaldnar en tvisvar á ári.
2. Nefndin er vettvangur fyrir samskipti og samvinnu lögreglunnar og sveitarfélaga í umdæminu. Hún gerir m.a. tillögur um úrbætur í málefnum sem varða löggæslu í umdæmi hennar og beirir sér fyrir því að almenningi verði kynnt starfsemi lögreglunnar.

III. KAFLI

Skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa.

13. gr.

Almennar reglur.

1. Handhafa lögregluvalds ber að sýna árvekni í starfi sínu og kunna glögg skil á skyldum sínum og þeirri ábyrgð sem starfinu fylgir.
2. Handhafa lögregluvalds ber að rækja starfa sinn af kostgæfni og samviseksemi og ávallt gæta fyllstu hlutlægni og réttisýni. Þeir skulu gæta þess að mönnum verði ekki gert tjón, óhagræði eða miski framar en óhjákvæmilegt er eftir því sem á stendur. Ekki mega þeir beita sakaðan mann

harðræði fram yfir það sem lög heimila og nauðsynlegt er til þess að vinna bug á mótþróa hans gegn lögmætum aðgerðum né á annan hátt beita hann ólögmætri þvingun í orði eða verki, svo sem með hótunum.

3. Við framkvæmd starfa sinna skulu handhafar lögregluvalds bera á sér sérstök skilríki er sýni m.a. nafn þeirra og stöðu ásamt mynd. Ráðherra ákveður notkun lögregluskilríkja með reglugerð.

Lögreglustjórinn í Reykjavík/

Einn þýðingarmesti hluti frumvarpsins fjallar um skyldur lögreglumanna og framkvæmd lögreglustarfa. Er þeim kafla gjörbreytt frá fyrra frumvarpi og felld niður nýmæli er fólust í 14. og 15. gr. þess frumvarps. Ljóst er að 13. gr. nýja frumvarpsins er ekki nægileg heimild til handa lögreglu í nútíma starfsumhverfi.

14. gr.

Valdbeiting.

Handhöfum lögregluvalds er heimilt að beita valdi við framkvæmd skyldustarfa sinna. Aldrei mega þeir þó ganga lengra í beitingu valds en þörf er á hverju sinni.

LL/

Niðurlag þessarar greinar virðist óþörf tvítekning þar sem 2. mgr. 13. virðist taka til þeirra atriða sem takmarka valdbeitingu.

15. gr.

Aðgerðir í þágu almannafríðar, allsherjarreglu o.fl.

1. Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af borgurunum til að halda uppi almannafríði og allsherjarreglu eða koma í veg fyrir yfirvofandi röskun til að gæta öryggis einstaklinga eða almennings eða til að afstýra afbrotum eða stöðva þau.

2. Í þessu skyni er lögreglu m.a. heimilt að taka í sínar hendur umferðarstjórn, banna dvöl á ákveðnum svæðum, svo sem með því að girða af eða hindra umferð um þau, taka í sínar vörslur hættulega muni, vísa á brott eða fjarlægja fólk, fyrirskipa stöðvun eða breytingu á aðgerðum eða starfsemi, fara inn á svæði í einkaeign og fyrirskipa brottflutning fólks af þeim.

3. Óhlýðnist maður fyrirmælum lögreglu skv. 2. mgr. getur hún gripið til nauðsynlegra ráðstafana á hans kostnað til að koma í veg fyrir að óhlýðni hans valdi tjóni eða stofni almennings í hættu.

4. Lögreglu er heimilt að krefjast þess að maður segi til nafns síns, kennitölu og heimilisfangs og sýni skilríki því til sönnunar.

5. Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af málefnum sem samkvæmt lögum heyra undir önnur stjórnvöld ef það er talið nauðsynlegt til að stöðva eða koma í veg fyrir alvarlega röskun á almannafríði og allsherjarreglu og ekki næst til viðkomandi stjórnvalds eða aðgerðir af þess hálfu eru útilokaðar, þýðingarlausar eða fyrirsjáanlegt er að þær muni hefjast of seint. Tilkynna skal hlutaðeigandi stjórnvaldi um aðgerðir lögreglu svo fljótt sem auðið er.

FÍR/

Hér mætti sjá lagaákvæði um það hvernig eigi að standa að því að tilkynna um fyrirhugaða útifundi og aðrar samkomur á almannaferi, sbr. t.d. norsku lögreglulögin.

Jafnréttisráð/

Í frumvarpinu er sérstaklega fjallað um hlutverk og valdsvið lögreglu varðandi almannafríð og allsherjarreglu, sbr. 15. gr. Jafnréttisráð telur rétt að vekja athygli á að ekki er fjallað á sambærilegan hátt um valdmörk og skyldur lögreglu gagnvart heimilisofbeldi.

16. gr.

Heimild til handtöku.

1. Handhafa lögregluvalds er heimilt að handtaka mann og færa á lögreglustöð eða á annan stað þar sem lögregla hefur aðstöðu:

í þeim tilgangi að halda uppi lögum og reglu, svo sem ef maður ærist á almannaþæri eða veldur þar hneyksli eða hættu á óspektum, ef hann hefur hér ekki landvistarleyfi,

2. Lögregla skal gera manni grein fyrir ástæðum þess að hann er færður á starfsstöð lögreglu. Ekki má halda manni lengur en nauðsyn ber til.

RLR/

Í fyrra frumvarpi, 14. og 15. gr., voru ákvæði um *heimild lögreglunnar til að færa mann á lögreglustöð* og um *afskipti af ölvuðum mönnum o.fl.* Í nefndum frumvarpsákvæðum fólust ráðgjafar um að festa í lög heimildir lögreglunnar til að bregðast við ákveðinni hegðan borgaranna, heimildir sem segja má að fram að þessu hafi þótt felast í almennu ólögfestu umboði lögreglunnar til að halda uppi lögum og reglu á almannaþæri. Aðgerðir eins og lýst var í 14. og 15. gr. fyrra frumvarps eru ekki aðgerðir í þágu rannsóknar sakamáls og frelsissviptingunni, sem beita mátti samkvæmt þeim, var markaður þröngur tími eða 4 klukkustundir. Má fullyrða að lögfesting ákvæðanna væri bæði í þágu borgaranna og lögreglunnar enda einsýnt að miklu skiptir að sem skýrust ákvæði séu um heimildir lögreglunnar til afskipta af borgurunum.

Nefndum ákvæðum hefur verið ýtt til hliðar og í stað þeirra sett ákvæði í **16. gr.**, sem engu máli virðist skipta, sbr. 98. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19, 1991. Tel ég þetta miður.

FÍR/

1. mgr.

Æskilegt er að til staðar sé skýr handtökuheimild ef maður neitar að segja til nafns, kennitölu og heimilis, sbr. 4. mgr. 15. gr. eða talið sé að þessar upplýsingar séu ekki réttar. Enn fremur þyrfti að vera heimild til handtöku ef maður hlýðir ekki fyrir-mælum lögreglu og ef maður er staddur í nágrenni við brotavettvang án þess að geta gefið á því eðlilegar skýringar. Þar að auki er spurning hvort ekki sé réttast að tilgreina einnig handtökuheimildir samkvæmt lögum 19/1991, þ.e. ef það á að fara þá leið að kalla þessa grein "heimild til handtöku" en ekki "heimild til að færa mann á stöð". Nauðsynlegt er að skoða þessa grein rækilega þar sem hún snertir dagleg störf lögreglu mjög mikið og gæti komi til álita varðandi þá áreksstra sem koma óhjákvæmi-lega upp í samskiptum lögreglu og almennings.

Skiptar skoðanir voru um svipaða grein í upphaflega frumvarpinu. Þar var hins vegar

ekki um að ræða handtöku heldur heimild til að færa mann á lögreglustöð undir ákveðnum kringumstæðum. Þar að auki mætti ekki halda fólki lengur en nauðsynlegt er og ekki lengur en í fjórar klukkustundir. Mörgum lögreglumönnum finnst slíkt eðlilegra heldur en að kalla þetta handtökur, sbr. einnig norsku lögreglulögin, enda álíta þeir að með slíku ákvæði sé verið að færa í lög þá framkvæmd sem nú er.

Lögreglustjórinn í Reykjavík/

Ljóst er að 16. gr. nýja frumvarpsins er ekki nægileg heimild til handa lögreglu í nútíma starfsumhverfi.

Lögreglufélag Kópavogs/

Við erum fyllilega sammála núverandi ákvæði laga um þagnarskyldu lögreglumanna. Við sjáum því ekki ástæðu til að auka sérstaklega ákvæði um þagnarskyldu þeirra. Sérstaklega finnst okkur að mjög teygjanlegan skilning megi leggja í orðavalið, sem er neðst í lið 1, sem er, *fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls*.

Lögregluskóli ríkisins/

Rétt er að minna á það hér að í fyrra frumvarpi til lögreglulaga, sem lagt var fram á 118. löggjafarþingi, voru nokkuð ítarleg ákvæði í 14. gr. og 15. gr. sem LSR finnst vert að séu skoðuð nánar. Á það ekki síst við um tímamörk þau sem koma fram í niðurlagi 14. gr. þess frumvarps, *um að mönnum verði ekki haldið lengur en fjórar klukkustundir af þeim sökum sem þar eru tilgreindar*. Telja verður að það geti verið lögreglunni til góða að hafa slík ákvæði í lögum og að það sé einnig til þess fallið að tryggja réttarstöðu þeirra sem lögreglan þarf að hafa afskipti af, ekki vegna rannsóknar sakamála, heldur eingöngu til að geta sinnt þeirri frumskyldu sinni að halda uppi lögum og reglu í samfélaginu.

Lögreglufélag Austurlands/

Vísað er til 14. gr. í drögum að frumvarpinu frá 1994; *Heimild til að færa mann á lögreglustöð*. Þessarar greinar er saknað úr frumvarpinu og vilja félagsmenn í LA sjá það tekið upp að nýju.

17. gr.

Leit á mönnum.

1. Lögreglu er heimilt ef ástæða er til að leita að vopnum eða öðrum hættulegum munum á hverjum þeim sem fjarlægður er eða handtekinn af lögreglu.

2. Sé maður vistaður í fangageymslu er lögreglu heimilt að leita á honum og taka til varðveislu muni sem hann hefur á sér og hann getur notað til þess að vinna tjón á sjálfum sér eða öðrum. Ef ástand manns eða aðstæður að öðru leyti gefa tilefni til er heimilt að taka af honum peninga og muni sem hann hefur á sér og hætta þykir á að geti skemmst, eyðilagst eða glatast.

3. Verðmætum, sem lögregla tekur til varðveislu skv. 2. og 3. mgr., ber að skila aftur þegar maður er látinn laus enda séu ekki skilyrði til að leggja hald á þau samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála.

Lögreglufélag Norðurlands vestra/

Rétt væri að orða 2. mgr. þannig að lögreglu sé skylt að taka af honum muni sem hann getur notað til að vinna tjón á sjálfum sér og öðrum.

18. gr.

Afskipti af börnum.

Lögreglu er heimilt að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð er alvarleg hættu búin og koma þeim í hendur forsjármanna eða barnaverndaryfirvalda ef nauðsynlegt þykir.

LL/ Það er hjákátlegt að sjá heimild til lögreglu til afskipta af börnum við aðstæður þar sem henni ætti að vera skylt að hafa afskipti af þeim. Lagt er til að greinin verði umorðuð á þann veg; Lögreglu **ber** að hafa afskipti af börnum yngri en 16 ára sem eru á stöðum þar sem heilsu þeirra eða velferð er alvarleg hættu búin og koma þeim **án undandráttar** í hendur forsjármanna eða barnaverndaryfirvalda, ef nauðsynlegt þykir.

19. gr.

Skylda til að hlýða fyrirmælum lögreglu.

Almenningi er skylt að hlýða fyrirmælum sem lögreglan gefur, svo sem vegna umferðarstjórnar eða til þess að halda uppi lögum og reglu á almannafæri.

20. gr.

Skylda til að aðstoða lögreglu.

1. Ef nauðsyn ber til geta lögreglumenn kvatt sér til aðstoðar hvern fulltíða mann, þar á meðal til að afstýra óreglu eða óspektum á almannafæri. Maður er skyldur til að hlýða kvaðningu lögreglu ef hann getur veitt aðstoð án þess að stofna lífi, heilbrigði, velferð eða verulegum hagsmunum sjálfs sín eða nánustu vandamanna í hættu.

2. Þeir sem kvaddir eru lögreglunni til aðstoðar skv. 1. mgr. fara með lögregluvald meðan þeir gegna starfinu og njóta sömu verndar og aðrir lögreglumenn.

LL/

Í þessari grein virðist réttarstaða þeirra sem lögregla kveður sér til aðstoðar óljós um margt, þ.á.m. um bótarétt, verði þeir fyrir heilsu- eða munatjóni. Má í þessu sambandi nefna að LL og ríkissjóður kaupa sameiginlega viðbótartryggingu á frjálsum markaði til að veita lögreglumönnum aukna vernd, varðandi slys sem valda varanlegri örorku eða dauða. Ljóst er að sú trygging nær ekki til þeirra sem ekki eru ráðnir til starfa með formlegum hætti og virðist nauðsynlegt, a.m.k. í greinargerð að skilgreina betur bótarétt þessara aðila.

21. gr.

Bann við að tálma lögreglu í störfum sínum.

Enginn má á neinn hátt tálma því að maður gegni lögreglustörfum.

22. gr.

Þagnarskylda.

1. Lögreglumönnum og öðru starfslíði lögreglu ber þagnarskylda um þau atvik sem þeim verða kunn í starfi sínu eða vegna starfs síns og leynt eiga að fara vegna lögmætra almanna- eða einkahagsmuna. Tekur þetta til upplýsinga um einkahagi manna sem eðlilegt er að leynt fari, upplýsinga sem varða skipulag og starfsemi lögreglu og fyrirhugaðar lögregluaðgerðir og annarra upplýsinga sem leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirboðara eða eðli máls.

2. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.

FÍR/

Stjórn FÍR setur sig ekki á móti því að hafa sérstakt ákvæði um þagnarskyldu lögreglumanna. Ákvæði er að finna um þagnarskyldu opinberra starfsmanna í lögum nr. 38/1954 og 136. gr. almennra hegningarlaga, 19/1940. Hins vegar þykir mörgum það einkennilegt að það þurfi að hnykkja enn frekar á þagnarskyldu lögreglumanna í ljósi umræðunnar um stofnun Neyðarlínunnar hf. Þar kom fram það álit, hjá sumum sem tjáðu sig um það mál, að opinberir starfsmenn væru ekkert betur til þess fallnir að gæta trúnaðar en starfsmenn hlutafélags.

Í ljósi annarrar fjölmiðlaumræðu, þ.e. ásakanir tollgæsluyfirvalda á hendur fjórum tollvörðum um brot á þagnarskyldu, verður FÍR að setja stórt spurningarmerki við þann hluta greinarinnar þar sem hömlur eru settar á tjáningarfrelsi lögreglumanna hvað viðkemur starfsemi og skipulag lögreglunnar. Ekki er hægt að skilja hana öðru vísi en að lögreglumönnum (og samtökum þeirra) sé hættulegt að tjá sig almennt um ástand löggæslumála, þeir geti þeir hugsanlega gerst brotlegir við lög. Af þessum ástæðum getur stjórn FÍR ekki sætt sig við að slíkt verði gert að lögum. Í þessu sambandi má vísa til viðbragða sýslumannsins í Keflavík við almenna umfjöllun öryggistrúnaðarmanns um tækja- og bifreiðamál lögreglunnar.

LL/

Með hliðsjón af ákvæðum laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, sbr. 18. gr. frumvarps til breytinga á fyrrgreindum lögum, virðist óþarft að setja sérstakt ákvæði varðandi þetta atriði. Þrátt fyrir þær þrengingar, sem virðast eiga að takmarka málfrelsi lögreglumanna um skipulag og starfsemi lögreglu, er því andmælt í greinargerð frumvarpsins. Stangast þetta því á og býður heim togstreitu og misskilningi. Sé þörf á sérstöku ákvæði í lögreglulögum er lagt til að það hljóði á sama hátt og í 18. gr. frumvarpst til laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins; **Hverjum starfsmanni er skylt að gæta þagmælsku um atriði er hann fær vitneskju um í starfi sínu og leynt skulu fara samkvæmt lögum, fyrirmælum yfirmanna eða eðli málsins. Þagnarskyldan helst þótt látið sé af starfi.**

Lögreglufélag Gullbringusýslu/

Að tjáningarfrelsi lögreglumanna varðandi launakjör, félagslegan rétt, uppbyggingu og stjórnun lögreglunnar verði ekki á nokkurn hátt skert með lagasetningu sbr. 22. gr., þar sem slík

lagasetning er líkleg til að stuðla að stöðnun löggæslunnar í þjóðfélaginu.

Lögreflufélag Norðurlands vestra/

Það er í sjálfu sér eðlilegt að þagnarskylda hvíli á lögreglumönnum eins og þegar er fyrir hendi í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Hvaða ástæður skyldu liggja að baki þeim ákvörðunum að það er sett íþyngjandi ákvæði í lögum um lögreglumenn. *Það er ekki hægt að koma auga á aðra skýringu en þá að lögreglumenn séu taldir vera lausmáli en aðrir ríkisstarfsmenn.*

Lögrefluskóli ríkisins/

Sumir forráðamenna stéttarfélags lögreglumanna hafa gagnrýnt þagnarskylduákvæði þetta og m.a. haldið því fram í fjölmiðlum að verið sé að leggja lögreglumönnum á herðar meiri þagnarskyldu en almennt sé gert hjá opinberum starfsmönnum. LSR telur ástæðulaust fyrir lögreglumenn að taka þannig á málum Ákvæði þetta á við alla starfsmenn lögreglu og er enda í samræmi við 32. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 38/1954. Í þessu ákvæði frumvarpsins á það við sem víðar að óþarfi er að taka hér út lögreglumenn sérstaklega. Fullnægjandi væri að segja: "Öllum starfsmönnum lögreglu ber þagnarskylda..." Þetta er svo sjálfsagt ákvæði enda augljóst að það á jafnt við löglærðan stjórnanda sem lögreglumann, og svo t.d. ritara sem skráir upplýsingar úr málum í málaskrárkerfi.

23. gr.

Afskipti af eigin málum eða nákominnna vandamanna.

Starfsmanni lögreglu er í starfi sínu óheimilt að aðhafast í eigin málum eða nákominnna vandamanna nema afskipti hans af máli séu nauðsynleg til verndar lífi eða heilsu manna eða eignum gegn yfirvofandi hættu eða hætta sé á að frestun aðgerðar muni leiða til þess að tilgangi hennar verði ekki náð.

24. gr.

Afskipti af vinnudeilum.

Lögreglu er óheimilt að hafa önnur afskipti af vinnudeilum en að halda þar, eins og annars staðar, uppi friði og afstýra skemmdum, meiðslum og vandræðum.

25. gr.

Lögreflustörf utan vinnutíma.

1. Lögreglumanni er heimilt að sinna lögreglustörfum í frítíma sínum ef:
þess er þörf til verndar lífi eða heilsu fólks eða verulegum opinberum hagsmunum,
þess er þörf til að afstýra eða stöðva alvarlegt lögbrot eða
þess er þörf til að handtaka megi mann sem grunaður er um alvarlegan refsiverðan verknað.
2. Hafi lögreglumaður haft afskipti af máli skv. 1. mgr. ber honum tafarlaust að tilkynna það yfirmanni sínum. Hafi hann unnið slík verk utan starfsumdæmis síns skal hann tilkynna það

lögreglustjóra þess umdæmis.

Lögregluskóli ríkisins/

LSR gerir ekki sérstaklega athugasemd við þetta ákvæði, sem kemur fram í 25. gr., en hér á það við sem oftast, að þetta á ekki að takmarka við lögreglumenn, heldur má og gilda um aðra sem fara með lögregluvald.

26. gr.

Heimild til að fela lögreglu tollgæslustörf.

Dómsmálaráðherra er heimilt að ákveða með samkomulagi við fjármálaráðherra að lögreglumenn skuli gegna tollgæslustörfum jafnframt öðrum löggæslustörfum eftir nánari fyrirætlum lögreglustjóra og eftir reglum sem settar eru í samráði við tollgæslustjóra. Þar sem slík starfstilhögun er ákveðin skal þess getið í auglýsingu um starf lögreglumanns.

IV. KAFLI

Um veitingu starfa í lögreglu.

27. gr. -

Fjöldi lögreglumanna.

Ráðherra ákveður á hverjum tíma í samráði við ríkislögreglustjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi lögreglustjóra fjölda lögreglumanna í hverju umdæmi.

28. gr.

Veiting starfa í lögreglu.

1. Forseti Íslands skipar ríkislögreglustjóra, vararíkislögreglustjóra, lögreglustjóra og varalögreglustjóra í Reykjavík.

2. Ríkislögreglustjóri, vararíkislögreglustjóri, lögreglustjórar og varalögreglustjóri í Reykjavík skulu fullnægja sömu ahnenum hæfisskilyrðum og héraðsdómarar til skipunar í embætti. Þó eiga skilyrði um lágmarksaldur ekki við um lögreglustjórana og varalögreglustjóra í Reykjavík.

3. Dómsmálaráðherra skipar lögreglumenn til lögreglustarfa enda hafi þeir staðist próf frá Lögregluskóla ríkisins. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari fyrirætlum um starfsstig lögreglumanna.

4. Dómsmálaráðherra getur heimilað lögreglustjóra að ráða mann tímabundið til lögreglustarfa vegna orlofstöku, veikinda- eða slysaforfalla eða tímabundinna leyfa lögreglumanna þó að hann hafi ekki lokið prófi frá Lögregluskóla ríkisins enda fullnægi hann skilyrðum a-, b- og c-liða 2. mgr. 39. gr. laganna, staðan hafi verið auglýst með venjulegum hætti og enginn með próf frá Lögregluskóla ríkisins sótt um hana.

Eðlilegt sýnist að skólastjóri Lögregluskóla ríkisins verði skipaður af forseta eins og

lögreglustjórar og varalögreglustjóri í Reykjavík, sbr. 1. mgr. 28. gr.

FÍR/

4. mgr.

Stjórn FÍR mótmælir harðlega þeim hugmyndum, sem er að finna í þessari grein, um að þynna út starfsréttindi lögreglumanna. Aldrei kæmi til greina að fela áhugamanni um ljómyndatökur að gegna starfi röntgentækni þótt enginn með próf sem röntgentæknir hafi sótt um starfið. Sömu rök gilda um lögreglustörf, hér um að ræða viðkvæm og oft flókin verkefni sem krefjast oft á tíðum töluverðrar sérþekkingar. Ef fúskarar gegna slíkum störfum er hættu á sakarspjöllum og jafnvel getur hlotist af töluvert líkams- og eignatjón og einhver ábyrgð hlýtur að hvíla á þeim sem ráða slíka aðila til starfa. Jafnframt er vísað til ýtarlegrar umfjöllunar um hæfiskröfur í umsögn Landssambands lögreglumanna.

LL/

Lagt er til að 3. mgr. hljóði svo; Dómsmálaráðherra skipar lögreglumenn **ótímabundið í stöður þeirra** enda hafi þeir staðist próf frá Lögregluskóla ríkisins. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari fyrirmæli um starfstig lögreglumanna. Lagt er til að 4. mgr. hljóði svo; **Heimilt er að ráða til lögreglustarfa án prófs frá Lögregluskóla ríkisins;** a. Nema til reynslu á meðan á námi þeirra stendur við Lögregluskóla ríkisins. Slík reynsluráðning skal þó aldrei vara lengur en 2 ár. Nemi skal jafnan vera undir stjórn og handleiðslu lögreglumanns. b. Ákvæði um próf frá Lögregluskóla ríkisins ná ekki til skipshafna varðskipa, tollvarða eða héraðslögreglumanna. Þó skulu þeir sem lokið hafa prófi frá Lögregluskóla ríkisins ganga fyrir um þessi störf þar sem það á við.

Lögglufélag Kópavogs/

Við teljum óeðlilegt að ófaglærðum, sé heimilt að starfa utan orlofstíma. Ljóst er að sú staða getur komið upp að sá yrði einn að störfum án liðsinnis faglærðs lögreglumanns. Miðað við þá kröfu, sem gerð er til hæfni og menntunar lögreglumanna og þess valds sem þeir hafa, er útilokað að þegnum þjóðfélagsins sé veittur mismunandi réttur og öryggi af störfum lögreglu.

Lögglufélag Hafnarfjarðar/

Lögð er áhersla á að engir ófaglærðir aðilar stundi lögreglustörf.

Lögglufélag Norðurlands vestra/

Hér er lagt til að heimilt sé að ráða fólk til lögreglustarfa án þess að það hafi hlotið tilskylda menntun. Þarna er trúlagi átt við að það megi ráða héraðslögreglumann tímabundið eða jafnvel mann af götunni sem enga þjálfun hefur fengið. Það verður að teljast óeðlilegt að heimila slíkt ekki síst í ljósi ákvæðis í 10. gr. laganna en þar segir að héraðslögreglumenn skuli vinna undir stjórn lögreglumanna. Hjá sumum embættum hagar þannig til að lögreglumenn eru einir á vakt og verður ekki séð hvernig hægt sé að ráða ófaglærðan mann til starfa, sem ekki má eða getur ekki unnið einn, samkv. laganna hljóðan.

Í niðurlagi 4. mgr. segir "*enda fullnægi hann skilyrðum a-, b- og c- liða 2. mgr. 39. gr. laganna,*". Þetta ákvæði á við 2. mgr. 38. gr. laganna. Hér er enn um rangfærslu að ræða.

Lögreglufélag Vesturlands/

Lögreglumenn voru komnir með ígildi löggildingar starfsréttinda þegar Alþingi samþykkti lög þess efnis árið 1989 (breyting á lögum nr. 56/1972) þar sem heimild til þess að ráða lögreglumenn án prófs frá Lögregluskóla ríkisins var þrengd niður í tímabilið 15. maí til 30. sept. ár hvert. Nú er í 4. tölulið 28. gr. frumvarpsins lagt til að þessu sé breytt aftur og veitt heimild til að ráða óskólagengna menn til lögreglustarfa "tímabundið" allan ársins hring og því viljum við mótmæla harðlega.

Þess skal getið að lagabreytingin 1989 fór illa í nokkra starfsmenn í dómsmálaráðuneytinu og fullyrtu þeir við stjórnarmenn í Landssambandi lögreglumanna að "þeir" myndu fá lögnum breytt aftur til fyrra horfs, eins og lagt er til í þessu frumvarpi.....

Jafnréttisráð/

Nýr töluliður, 5. tl., komi við 28. gr. svohljóðandi: Við val á umsækjendum skal leitast við að tryggja sem jafnastan hlut kynja innan lögreglunnar.

29. gr.

Heitstafur.

Allir lögreglumenn sem eru skipaðir eða ráðnir til starfa skulu vinna svofellt heit: Því heiti ég og legg við drengskap minn og heiður að lögreglumannsstarfa minn skal ég rækja með kostgæfni og samvísusemi í hvívetna og vinna að því eftir fremsta megni að halda uppi stjórnarskrá lýðveldisins og öðrum lögum þess.

Lögregluskóli ríkisins/

LSR lítur svo á að allir sem fara með lögregluvald, og jafnvel allir starfsmenn lögreglu, eigi að vinna heit og bendir á að setja þarf reglur um framkvæmd þess hvenær t.d., lögreglunemar eigi að vinna heit, o.s.frv.

V. KAFLI

Atriði sem varða starfskjör lögreglumanna.

30. gr.

Bótagreiðslur.

Ríkissjóður skal bæta lögreglumönnum líkamstjón og munatjón sem þeir verða fyrir vegna starfs síns. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta.

LL/

Lagt er til að greinin hljóði svo; **Ríkissjóður skal bæta lögreglumönnum og fjölskyldum þeirra líkams- og munatjón sem þeir eða fjölskyldur þeirra verða fyrir vegna starfa lögreglumannsins. Greiða skal bætur fyrir missi framfæranda ef því er að skipta í samræmi við ákvæði skaðabótalaga.**

31. gr.

Bann við verkföllum.

Lögreglumenn mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun.

FÍR/ Samkvæmt þessari grein eru lögreglumenn án þeirra sjálfsögðu réttinda að geta fylgt eftir launakröfum sínum með verkföllum. Hins vegar er ekki reynt að tryggja hagsmuni þeirra með öðrum hætti. Nauðsynlegt er að finna launadeilum lögreglumanna einhvern ákveðinn farveg þannig að kjarasamningar dragist ekki á langinn. Slíkt mætti vera undir þessari grein.

LL/

Með hliðsjón af því að samtök lögreglumanna eru aðilar að fleiri samtökum, hver hafa verkfallsrétt, er lagt til að bætt verði afran við greinina "af sinni hálfu". Lagt er til að greinin hljóði svo; Lögreglumenn mega hvorki gera verkfall né taka þátt í verkfallsboðun, **af sinni hálfu.**

32. gr.

Aukastörf.

1. Heimilt er að fela lögreglumanni að vinna fyrir sanngjarnt endurgjald aukastörf í þágu ríkisins enda valdi það ekki vanrækslu á þeim störfum er stöðu hans fylgja. Að öðru leyti er lögreglumönnum óheimilt að hafa með höndum launuð störf í þágu opinberra stofnana eða einkafyrirtækja eða reka sjálfstæða atvinnustarfsemi.

2. Heimilt er að veita undanþágu frá banni 2. málsl. 1. mgr. Undanþágu skal ekki veita ef ástæða er til að ætla að aukastarfið valdi vanrækslu á þeim störfum er stöðu fylgja, ástæða er til að ætla að það brjóti á einhvern hátt í bága við lögreglustarfið eða það geti með öðrum hætti hamlað því að viðkomandi geti sinnt lögreglustarfinu forsvaranlega. Heimilt er að afturkalla undanþágu hvenær sem er án þess að tilgreina sérstakar ástæður. Gefa skal lögreglumanni hæfilegan frest til að láta af aukastarfinu ef kostur er.

3. Ríkislögreglustjóri veitir undanþágu skv. 2. mgr. en lögreglumaður getur skotið synjun til dómismálaráðherra.

FÍR/

Stjórn FÍR vísar alfarið á bug þeim ráðagerðum að svipta lögreglumenn þeim rétti að ráða sínum frítíma. Í lögum um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna er hægt að banna opinberum starfsmönnum að sinna aukastarfi eða stunda atvinnurekstur ef það er talið ósamrýmanlegt stöðu viðkomandi. Hér á að snúa þessari reglu við, þ.e. að banna öll aukastörf og veita síðan undanþágur. Þessar undanþágur er síðan hægt að

afturkalla eftir geðþótta, "hvenær sem er án þess að tilgreina sérstakar ástæður" eins og orðað er í frumvarpinu.

Stjórn FÍR telur að þessar hugmyndir fái vart staðist gegn ákvæðum stjórnarskrárinnar um atvinnufrelsi og friðhelgi eignaréttarins. Ef þetta kæmist til framkvæmda væri hægt að svipta menn eignum sínum. Sem dæmi má nefna einstaklingsfyrirtæki sem lögreglumaður kynni að reka samhliða starfinu. Slíkt fyrirtæki gæti orðið verðlaust ef hann fengi ekki að sinna því aukastarfi. Enn fremur má benda á að lögreglumenn hafa erfðarétt eins og aðrir borgarar þessa lands. Svo virðist sem þessi grein komi í veg fyrir að þeir sitji í stjórn fyrirtækis sem þeir hafa eignast hlut í vegna erfða, a.m.k. ef um launuð stjórnarstörf sé að ræða. Enn fremur hlýtur það að brjóta í bága við meginreglur stjórnsýslulaga að afturkalla heimild til aukastarfa án nokkurra skýringa.

Að áliti stjórnar FÍR er hér um það mikilvæg réttindi að ræða að stórlega bætt launakjör munu seint eða aldrei bæta þau. Með þessu ákvæði væru hendur lögreglumanna bundnar það fjárhagslega að þeir væru ofurseldir yfirmönnum sínum hvað varðar afkomu þeirra og fjölskyldna þeirra. Þess vegna er þessum hugmyndum alfarið vísað á bug.

LL/

Ákvæði frumvarpsins um aukastörf eru að mati LL óraunhæf og algjörlega óaðgengileg fyrir lögreglumenn. Sömu reglur hafa verið fyrir lögreglumenn og aðra opinbera starfsmenn og lögreglumönnum er ekki kunnugt um neitt tilefni til þess að setja þurfi um þá strangari skilyrði en aðra hvað þetta varðar. Það eru grundvallarréttindi fólks að fá að sjá sér og fjölskyldu sinni farborða og mjög gildar ástæður þarf til að hefta þann rétt. Það er ljóst að í einstaka tilvikum má rökstyðja það að ákveðin störf fari ekki saman við lögreglustarfið og þá er eðlilegt að koma í veg fyrir slíkt. Almenn bann við aukastörfum er hins vegar slík skerðing á mannréttindum að verulegar launabætur hljóta að fylgja slíkum takmörkunum séu þær nauðsynlegar og slíkt bann hlýtur að krefjast mjög gildra raka. Lögreglumenn hafa átt í deilum við dómsmálaráðuneyti og lögreglustjóra vegna núverandi lagaákvæðis enda hefur því verið þannig beitt að lögreglumönnum hefur verið gróflega mismunað og í ákveðnum tilvikum hefur ákvæðinu verið beitt af ófyrirleitni beinlínis til að skaða ákveðna aðila. Slíku verður að linna og það hlýtur að vera lágmarkskrafa að lögreglumann geti unnið heiðarlega vinnu eins og annað fólk í sínum frítíma frá lögreglustarfinu. Sé það hins vegar svo að ríkisvaldið vilji "eignast" lögreglumenn í frítíma þeirra jafnt sem í starfi þá verður að mæta því kjaralega.

Frumvarpið gerir ráð fyrir undanþágum frá banni við aukastörfum en því fylgir að heimilt verði að afturkalla undanþáguna hvernær sem er án þess að tilgreindar séu nokkrar ástæður slíkt ákvæði munu lögreglumenn aldrei sætta sig við enda minnir það frakar á þrælahað en nútímasamfélag frjálsra manna.

Það verður ekki hjá því komist að vísa til bréfs dómsmálaráðuneytisins, dags. 27.03.92 varðandi framkvæmd núgildandi ákvæðis um aukastörf. Þar eru einnig sett höft á eignarmyndun lögreglumanna en þar segir í 3. tl.:

"Lögreglumaður skal sækja um það til lögreglustjóra ef hann hyggst stunda launað aukastarf eða

Lögreflugfélag Vesturlands/

Stjórn LV mótmælir því harðlega að enn sé verið að skerða rétt lögreglumanna til þess að stunda launuð aukastörf. Slík þrenging sem í frumvarpinu er hlýtur að kalla á verulega hækkun launa lögreglumanna.

VI. KAFLI

Löggæslukostnaður.

33. gr.

Kostnaður við rekstur lögreglu.

Kostnaður af starfsemi lögreglunnar greiðist úr rikissjóði.

Lögreflugfélag Norðurlands vestra/

Í fyrstu frumvarpsdrögum hljóðaði 33. gr. svo. *Lögreglumaður skal leystur frá starfi sínu, þegar hann er orðinn fullra 65 ára.* Nú hefur þessi grein verið felld niður og er það miður. Við teljum nauðsynlegt að halda þessu ákvæði inni því, aldursdreyfing er orðin verulegt vandamál nú þegar og á eftir að versna ef ekkert verður að gert. Rannsóknir benda til þess að lögreglumenn séu að jafnaði 5-7 árum skammlífari en meðalaldur gerir ráð fyrir. Það er talið líklegt að álag, streita auk óreglulegs vinnutíma eigi þar stærstan þátt. Þetta undirstrikar í hvaða ástandi lögreglumenn eru síðasta áratug vinnuævinnar og hvorki þeim né því fólki sem á þá treystir, bjóðandi.

34. gr.

Sérstakur löggæslukostnaður.

1. Lögreglustjóra er heimilt að binda skemmtanaleyfi því skilyrði að lögreglumenn verði á skemmtistað og jafnframt að leyfishafi greiði kostnað af þeirri löggæslu samkvæmt reglum sem dómsmálaráðherra setur.

2. Enn fremur má í slíkum reglum kveða á um greiðslu kostnaðar af gæslustörfum vegna framkvæmda á almannafæri og flutnings á óvenjulegum eða hættulegum farni þar sem lögreglustjóri telur nauðsynlegt að fyrirskipa slíka löggæslu.

VII. KAFLI

Kærur á hendur lögreglu.

35. gr.

Berist kæra á hendur lögreglumanni fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd lögreglustarfa, eða vakni grunur um slíkt brot, skal lögreglustjóri þegar í stað tilkynna rikislögreglustjóra um ætlað brot. Rikislögreglustjóri annast rannsókn málsins. Ef kæra beinist að starfsmanni

ríkislögreglustjóra, viku hann sæti við meðferð málsins, sbr. 5. mgr. 5. gr.

LL/

Lagt er til að greinin hljóði svo; Berist kæra á hendur lögreglumanni fyrir ætlað refsivert brot við framkvæmd lögreglustarfa, eða vakni grunur um slíkt brot, skal viðkomandi lögreglustjóri þegar í stað tilkynna ríkissaksóknara um ætlað brot. Ríkissaksóknari mælir fyrir um hvort og við hvaða lögreglustjóraembætti rannsókn fari fram undir hans forsjá og ákveður um meðferð máls, að henni lokinni.

Lögreglufélag Kópavogs/

Við teljum eðlilegt að kærur á hendur lögreglu, verði tilkynntar til ríkissaksóknara og hann mæli síðan fyrir um, hvar slík kæra verði rannsökuð.

Lögreglufélag Norðurlands vestra/

Það er spurning hvort rétt sé að fela ríkislögreglustjóra að annast rannsókn í slíkum tilvikum. Það getur ekki talist eðlilegt að sami aðili rannsaki ætlað refsivert brot lögreglumanna og sé jafnframt dómari í slíkum málum.

Lagt er til að málið verði tilkynnt ríkissaksóknara, sem síðan ákveður hvort og við hvaða lögreglustjóraembætti rannsókn fari fram.

VIII. KAFLI

Lögregluskóli ríkisins.

36. gr.

Hlutverk Lögregluskóla ríkisins.

1. Lögregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun. Skólinn skal starfrækja grunnnámsdeild er veiti lögreglunemum menntun í almennum lögreglufræðum og framhaldsdeild er veitistarfandi lögreglumönnum símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun.

2. Lögregluskóli ríkisins skal vera vettvangur rannsókna í lögreglufræðum og stjórnvöldum til ráðgjafar um lögreglumálefni.

RLR/

Eins og áður segir er hugtakið lögreglumaður þrengra í þessu frumvarpi heldur en í hinu fyrra frumvarpi. Átlunin var að lögregluskólinn héldi m.a. uppi sérstakri fræðslu fyrir löglærða starfsmenn lögreglu, sbr. orðalag 35. gr. fyrra frumvarps, en í **1. mgr. 36. gr frumvarpsins** er nú einungis getið um lögreglunema og lögreglumenn í þröngri merkingu. Sýnist ástæða til að rýmka hlutverk lögregluskólans eins og því er lýst í málsgreininni með viðbótarmálslið, sem gæti hljóðað þannig: *Skólinn skal jafnframt halda námskeið fyrir annað starfslið lögreglu samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðherra.*

LL/

LL er hlynnt efni greinarinnar en vekur athygli á brýnni þörf fyrir markvisst framhaldsnám fyrir lögreglumenn. Ákvæði um framhaldsdeild við lögregluskólann hefur verið í reglugerð s.l. 15 ár án þess að eftir því hafi verið farið. Öll framhaldsmenntun lögreglumanna hefur því verið mjög takmörkuð og tilviljanakennd. LL leggur þunga áherslu á umbætur í framhaldsnámi lögreglumanna, ekki síst á sérstaka menntun fyrir yfirmenn í lögreglunni.

Útdeild Félagsmálast. Reykjavíkurborgar/

Varðandi 36. gr. sem kveður á um hlutverk Lögregluskóla ríkisins, finnst mér að þá mætti felast í því hlutverki að lögreglumenn séu búnir undir þau erfiðu, flóknu og átakasömu samskipti sem þeir þurfa að takast á við í starfi sínu. Til þess að uppfylla þetta hlutverk mætti leggja meiri áherslu á almenna sálfræði en nú er og leggja sérstaka áherslu á að fræða og þjálfa lögreglunema í samskiptum.

37. gr.

Stjórn Lögregluskóla ríkisins.

1. Dómsmálaráðherra skipar skólastjóra Lögregluskóla ríkisins. Hann skal fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar og hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum.

2. Við Lögregluskóla ríkisins skulu starfa yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn sem dómsmálaráðherra skipar.

RLR/

37. gr. frumvarpsin ber heitið: Stjórn Lögregluskóla ríkisins. Í greininni er einungis fjallað um tiltekna starsmenn skólans; yfirmenn hans og skipun þeirra. Sýnist eðlilegt að slá 37. og 39. gr. saman og e.a. þannig að 38. gr. færist fram. verið 37. gr., en 37. og 39. gr. verði 38. gr.

FÍR/

Stjórn FÍR telur óeðlilegt að binda hæfisskilyrði skólastjóra LSR við lögfræðipróf. Hugsanlegt er að önnur menntun geti komið að jafn góðum notum eða jafnvel verið betri. Einnig má benda á það að annar af tveimur skólastjórum LSR, eftir að skólinn varð að sjálfstæðri stofnun, var lögreglumaður. Þar að auki telur stjórn FÍR að skólastjóri LSR, sem og aðrir stjórnendur í lögreglunni (sem samkvæmt frumvarpinu munu fara með lögregluvald), þurfi í framtíðinni að hafa lokið námi frá þeim skóla.

LL/

LL vill vekja sérstaka athygli á því að lögreglumenn hafa sjálfir sýnt menntun mikinn áhuga og staðið fast við hvers kyns framfarir í þeim málum um starfa sambandsins. LL vill tryggja áframhaldandi aðild lögreglumanna að stjórn Lögregluskólans og telur því brýnt að í lögum sé ákvæði um skólanefnd Lögregluskólans og hvernig hún skuli skipuð. Leggur sambandið mikla áherslu á að eiga a.m.k. einn fulltrúa í skólanefnd. Lagt er til að skólanefnd Lögregluskóla ríkisins verði skilgreind undir þessari grein laganna.

Í greininni er gert ráð fyrir því að skólastjóri Lögregluskólans skuli fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar og hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum.

Skólastjóri Lögregluskólans verður samt sem áður ekki lögreglustjóri og því eru uppi miklar efasemdir um það hvort nauðsynlegt sé að binda stöðuheitið við lögfræðipróf. Lögreglumaður var skólastjóri á undan núverandi skólastjóra sem hefur lögfræðipróf en vel má vera að önnur (háskóla)menntun en lögfræðipróf kunni að vera fullt eins heppileg fyrir skólann í framtíðinni.

LL leggur til að gerðar verði almennari kröfur til menntunar skólastjóra Lögregluskólans en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Lögregluskóli ríkisins/

Forseti Íslands skipar æðstu stjórnendur í lögreglu, sem eru embættisgengir lögfræðingar með lögregluvald, sbr. 1. og 2. mgr. 28. gr., sbr. 1. mgr. 9. gr.

Sú undantekning er frá þessari meginreglu, um skipan embættisgengra lögfræðinga samkvæmt frumvarpinu, að í 1. mgr. 37. gr. er gert ráð fyrir því að dómsmálaráðherra skipi skólastjóra Lögregluskóla ríkisins. Munur er á því hvort forstöðumaður er skipaður af forseta erða ráðherra en vert er að benda á, að auk þess sem skólastjórinn skal vera embættisgengur lögfræðingur, þarf hann að *hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum*. LSR telur þetta sjálfsagt og eðlilegt en telur að þetta eigi að gilda um alla þá sem skipaðir eru til æðstu starfa í lögreglu, ekki skólastjóranng eingöngu.

Í greinargerð með 37. gr. frumvarpsins kemur fram að það sé nýmæli í lögum að skólastjóri lögregluskólans skuli fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar. Þetta er í sjálfu sér ekki rétt, þar sem í 9. gr. gildandi laga um lögreglumann, nr. 56/1972, kemur fram, að við embætti lögreglustjórans í Reykjavík (sem er embættisgengur lögfræðingur) skuli starfræktur lögregluskóli.

Breyting var gerð árið 1988 á reglugerð um veitingu lögreglustarfs, lögregluskóla o.fl., nr. 660/1981, og með þeirri reglugerðarbreytingu var skólinn gerður að sérstakri stofnun og sérstakur skólastjóri skipaður. Lagaákvæðinu var hins vegar ekki breytt sem hefði verið rétt að gera!

Löggjafinn hefur ekki sett skýrar samræmdar reglur um skipan stöðuveitinga í stjórnsýslunni, svo sem æskilegt væri, en í þessu sambandi má sérstaklega benda á að samkvæmt frumvarpinu er gert ráð fyrir nýju embætti, varalögreglustjóra í Reykjavík, sem forsetinn skipi!

38. gr.

Inntaka nýnema og námstílhögun.

1. Ríkislögreglustjóri auglýsir eftir nemum í skólann um land allt. Hann ákveður fjölda nemenda sem hefja skulu nám ár hvert á grundvelli áætlunar um endurnýjun í lögreglu ríkisins.

2. Lögreglumannsefni skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

vera íslenskir ríkisborgarar, 20 til 35 ára og ekki hafa sætt opinberri refsingu,

vera andlega- og líkamlega heilbrigð og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis. Dómsmálaráðherra setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshæð lögreglumannsefna,

hafa lokið grunnskólaprófi og a.m.k. tveggja ára almennu framhaldsnámi eða öðru sambærilegu námi með fullnægjandi árangri, þau skulu hafa gott vald á íslensku, einu Norðurlandamáli auk ensku eða þýsku, þau skulu hafa almenn ökuréttindi til bifreiðaaksturs, lögreglumannsefni skulu synd,

standast inntökupróf samkvæmt kröfun skólanefndar með áherslu á íslensku og þrek.

3. Valnefnd velur nema í lögregluskólann úr hópi umsækjenda. Nefndina skipa fimm menn, einn tilnefndur af dómsmálaráðherra, einn af ríkislögreglustjóra, einn af Sýslumannafélagi Íslands, einn af Landssambandi lögreglumanna og einn af skólastjóra Lögregluskóla ríkisins er skal vera formaður nefndarinnar.

4. Nám í lögregluskólanum skiptist í tvær annir og skal nám á fyrri önn ólaunað. Áður en nám á síðari önn hefst skal ríkislögreglustjóri sjá nemum fyrir starfsþjálfun í lögreglu ríkisins í a.m.k. átta mánuði. Nám á síðari önn skólans skal vera launað.

RLR/

Ákvæði 38. gr. sýnast í aðalatriðum eiga heima í reglugerð um skólann. Sérstök athugasemd er þó ekki gerð við framsetninguna í 38. gr. En er lýst efasemdum um inntak og réttmæti orðasambandsins í a lið 2. mgr., efnislega: *að sæta opinberri refsingu.*

FÍR/

Stjórn FÍR telur eðlilegt að inntökuskilyrði í LSR verði í samræmi við þá þróun sem er í menntamálum þjóðarinnar. Eðlilegt er að umsækjandi um lögreglustarf hafi lokið einhvers konar framhaldsnámi, t.d. stúdentsprófi eða iðnskólaprófi.

Enn fremur er bent á að samkvæmt gildandi kjarasamningi LL og fjármálaráðherra eru lögreglunemar í báðum hlutum grunnnáms á launum.

LL/

LL telur varðandi 2. tl. greinarinnar að ekki sé nægilega vandað til þeirra almennu skilyrða sem lögreglumannsefni skulu fullnægja.

Í a. lið skal bent á að ekki er nægilegt að viðkomandi "hafi ekki sætt opinberri refsingu". LL telur það ekki nægilegt að sakavottorð lögreglumannsefna sé hreint og telur varðandi lögreglumannsstarfið verði að gera strangari kröfur en til starfa almennt að þessu leyti.

Mjög margir sem ekki hafa sætt opinberri ákæru hafa verið viðriðnir sakamál hvers konar og hagað sér með þeim hætti að þeir eru óæskilegir og beinlínis ótækir í lögregluna. LL telur að til viðbótar við orðalag frumvarpsins skuli vera almennt orðalag eins og í gildandi reglugerð um veitingu lögreglustarfs, lögregluskóla o.fl., nr 660/1981, sbr. 459/1988, þar sem segir m.a. í 1. gr.: "...fjár síns ráðandi og má ekki vera kunnur af óreiðu í fjármálum. Hann skal hafa gott mannorð og vera þekktur af reglusemi og háttvísi. "LL telur nauðsynlegt að slíkt atriði sé í lögum en ekki reglugerð.

Í c. lið er gerð grein fyrir menntunarkröfum lögreglumannsefna. LL telur að gera verði strangari kröfur í þessum efnum, krefjast verði stúdentsprófs, iðnskólaprófs eða sambærilegrar menntunar.

Það er staðreynd að nám við Lögregluskólann er kostnaðarsamt og því brýnt að nýta ódýrara nám í almenna skólakerfinu eins og kostur er sem aðfararnám að námi í Lögregluskólanum. Það er að mati LL best gert með þeim hætti að taka þær námsgreinar úr námsefni Lögregluskólans sem kenndar eru í almenna skólakerfinu en gera í staðinn meiri almennar menntunarkröfur til þeirra sem koma þangað til náms.

Í þessu sambandi mætti hugsa sér að taka námsgreinar úr námsefni Lögregluskólans eins og t.d. íslensku, vélritun, ensku, námstækni og sálfræði. Kennsla í þessum greinum er ríflega 12% af heildarkennslufjölda við grunnnámsdeild skólans. Heppilegra væri að nýta þann tíma til náms í löggæslugreinum.

Þá skal vakin athygli á nauðsyn þess að lögreglumenn hafi aukin ökuréttindi, hvort sem slík réttindi verði áskilin strax í upphafi eða t.d. áður en grunnnámi við skólann lýkur. Hluti lögreglubifreiða tekur svo marga farþega að almennt ökupróf nægir ekki til, auk þess verða lögreglumenn iðulega að hafa afskipti af alls kyns ökutækjum smáum sem stórum þar sem nauðsynlegt getur reynst að hafa aukin ökuréttindi. Loks má nefna að í námi til aukinna ökuréttinda er fræðsla um ökutækin og gerð þeirra sem lögreglumenn hafa fulla þörf fyrir.

Í d. lið er kveðið á um inntökupróf samkvæmt kröfum skólanefndar. LL er hlynt inntökuprófum, þrátt fyrir ofangreind sjónarmið um aukna menntun, til að sannreyna kunnáttu væntanlegra nema.

LL gerir athugasemdir við 4. tl. greinarinnar og bendir á að launað nám við Lögregluskólann á báðum önnum er bundið við gildandi kjarasamning lögreglumanna. Auk þess er rétt að hafa í huga hvaða afleiðingar slík breyting kynni að hafa á það hvaðan lögreglumannsefni muni koma. Má t.d. vænta þess að hópurinn verði eingöngu af SV horni landsins? Ekkert liggur fyrir um það að nám við Lögregluskólann verði námslánahæft þannig að aðstöðumunur yrði mikill. Auk þess er óljóst hver hagnaðurinn verður af breytingunni eins og hún kemur fyrir í frumvarpinu því gera má ráð fyrir að eftir nám við Lögregluskólann þurfi nemarnir að sækja um lausar stöður einhvers staðar á landinu. Má þá ekki búast við því að margir SV horns búarnir sem fá ekki starf á SV horninu, og vilja ekki starfa úti á landi, fari til annarra starfa og eftir sitji lögreglustjórnarnir á landsbyggðinni með ófylltar stöður. Nokkur útlit er því fyrir að fyrirkomulag myndi ekki þjóna tilgangi sínum fyrir löggæsluna auk þess að verða mun dýrara vegna bortthvarfs fólks til annarra starfa.

Lögreglufélag Kópavogs/

Við teljum óeðlilegt að fyrrihluti lögregluskólans skuli eiga að vera ólaunaður. Við bendum á að það fyrirkomulag muni fyrst og fremst bitna á nemendum af landsbyggðinni og er líklegt að verði til þess að allri nýnemar lögreglu verði eftirleiðis af suðversturhorni landsins. Þá er rétt að benda á að núverandi fyrirkomulag lögregluskólans, er bundið gildandi kjarasamningi lögreglumanna. Þá teljum við eðlilegt að það ákvæði, sem var í frumvarpinu í upphafi, um stjórnun leitar- og björgunaraðgerða, verði sett inn í þetta frumvarp.

Lögreflugfélag Norðurlands vestra/

Ekki er hægt að fallast á 4. mgr. óbreytta. Þar er gert ráð fyrir að nám á fyrri önn skuli vera ólaunað og ekki verði greiddir dagpeningar til þeirra sem sækja nám utan af landi. Með þessu á að lækka útgjöld um 10-11 milljónir.

Það skal tekið fram að það er bundið í kjarasamninga lögreglumanna óa greiða skuli dagpeninga til þeirra sem stunda nám við Lögregluskóla ríkisins og þurfa að búa fjarri heimilum sínum. Það á ekki að skipta máli hvort það er lögreglustjóri á landsbyggðinni eða ríkislögreglustjóri sem sendir nema í skólann. Neminn á rétt á dagpeningum, það er alveg ljóst. Ef þetta frumvarp verður að lögum er hætt við að fáar umsóknir um skólavist berist utan af landi. Oftar en ekki eru það fjölskyldumenn sem sækja um skólavist og það er augljóst að það er mjög kostnaðarsamt fyrir þá að stunda nám fjarri heimili sínu og halda jafnframt uppi fjölskyldu

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að áður en nám á síðari önn hefst skal ríkislögreglustjóri sjá nemum fyrir starfsþjálfun í a.m.k. átta mánuði. Hvert verða þessir nemar sendir og hvernig verður staðið að starfsþjálfun þeirra? Verður lögreglustjórum úti á landi gert skylt að taka við þessum nýnemum? Verða þeir ekki að vinna fjarri heimilum sínum á meðan á starfsþjálfun stendur og ætlar ríkislögreglustjóri þá að greiða þeim dagpeninga eða eiga þeir að bera allan kostnað sjálfir? Þetta þarf að skoða sérstaklega, því þetta getur skipt lögreglunema verulegu máli fjárhagslega.

Lögregluskóli ríkisins/

3. mgr. 38. gr. skipan valnefndar telur LSR ekki þörf á að nefndin sé skipuð fimm mönnum en telur að þrír dugi, og sé heppilegra, eins og lagt var til í upphaflegu uppkasti að frumvarpi.

Eins og kemur fram í 4. mgr. 38. gr. er námi í lögregluskólanum skipt í tvær annir. Hér er átt við nám í grunnnámsdeild og væri til glöggvunar að taka það fram í greininni.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að nám á fyrri önn grunnnáms sé ólaunað. Ef þetta verður að lögum er það breyting frá því sem er, og verið hefur frá upphafi. LSR er ekki sannfærður og raunar efast stórlega um að rétt sé að gera þessa breytingu.

Í 38. gr. eru ákvæði um inntöku nýnema og námstílhögun. LSR telur ekki augljóst að rétt sé að vera með nákvæm inntökuskilyrði í lögum. E.t.v. er heppilegra að ákvæði um þetta séu að mestu í reglugerð, sbr. 39. gr.

Jafnréttisráð/

Sem lokamálsliður við tölulið nr. 1 í 38. gr. komi: Við val á umsækjendum skal þess gætt að hlutur kynja sé sem jafnastur.

39. gr.

Reglugerð um Lögregluskóla ríkisins.

Dómsmálaráðherra setur í reglugerð nánari fyriræli um stjórn skólans og starfslið, inntökuskilyrði, námstílhögun og prófkröfur.

LL/

Greinin er eðlileg að því tilskyldu að skólaneftnd hafi verið skilgreind, sbr. athugasemdir við 37. gr.

IX. KAFLI

ýmis ákvæði.

40. gr.

Nánari reglur um framkvæmd laganna.

Dómsmálaráðherra setur nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

41. gr.

Refsingar.

Brot gegn 19.-21. gr. varða fésektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

42. gr.

Gildistaka.

1. Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1997.

2. Frá sama tíma falla úr gildi lög um lögreglumenn, nr. 56/1972, ásamt síðari breytingum. Þá falla úr gildi lög um rannsóknarlögreglu ríkisins, nr. 108/1976, ásamt síðari breytingum.

43. gr.

Breytingar á öðrum lögum.

Við gildistöku laga þessara breytast eftirfarandi lagaákvæði:

1. Í stað orðanna »(rannsóknarlögreglustjóra ríkisins)« í 1. másl. 4. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, kemur:
(ríkislögreglustjóra).

2. Í stað orðanna »lögreglustjórinn í Reykjavík« í 2. mgr. 4. gr. laga um almannavarnir, nr. 94/1962, kemur: ríkislögreglustjóri.

3. 1. mgr. 5. gr. laga um Landhelgisgæslu Íslands nr. 25/1967, orðast svo:

Skipshafnir varðskipa fara með lögregluvald þegar þær annast eða aðstoða við löggæslu.

4. 1. másl. 2. mgr. 108. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/1981, fellur brott.

5. Í stað orðanna »Rannsóknarlögreglu ríkisins« í 2. másl. 8. mgr. 28. gr. og 5. mgr. 31. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987, kemur: lögreglu. 1. másl. 2. mgr. 31. gr. sömu laga fellur brott.

6. Í stað orðanna »Lögreglustjórinn í Reykjavík« í 2. mgr. 113. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 kemur: ríkislögreglustjóri.

7. Í stað orðanna »Rannsóknarlögreglu ríkisins« í 9. mgr. 27. gr. laga um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, kemur: lögreglu. 1. másl. 2. mgr. 41. gr. sömu laga fellur brott.

8. Við 1. mgr. 22. gr. laga um brunavarnir og brunamál, nr. 41/1992, bætist nýr málslíður sem hljóðar svo: Lögreglustjóri skal sjá um að lögreglurannsókn fari fram þegar eftir brunatjón.

9. Í stað orðsins »rannsóknarlögreglustjóri« í 1. mgr. 9. gr. laga um Kjaradóm og kjaranefnd, nr. 120/1992, kemur: ríkislögreglustjóri.

10. Í stað orðanna »Lögreglustjórinn í Reykjavík« í 1. mgr. 20. gr. laga um eftirlit með útlendingum, nr. 45/1965, kemur: ríkislögreglustjóri.

A l m e n n a r a t h u g a s e m d i r

RLR/

Brýnt er að um það verði fjallað og ákveðið hver skipuleggi og stjórn flutningi starfsmanna Rannsóknarlögreglu ríkisins til annarra lögregluliða og hafi þá jafnframt yfirstjórn á endurskipulagningu þeirra lögregluliða. Ég efast um að skynsamlegt sé að fela ríkislögreglustjóra að annast þetta verkefni, þótt sjálfsagt sé að hann verði með í ráðum.

Að mínum dómi skiptir miklu máli að æðsta stjórn lögreglunnar í landinu, dómsmálaráðherra, e.a. að fengnum tillögum nefndar, skipuleggi og stýri því, hvernig starfskröftum starfsmanna Rannsóknarlögreglu ríkisins verði skipað á nýjum vinnuvettvangi. Ég vænti þess að um þetta megi fjalla í sérstöku bráðabirgðaákvæði nýrra lögreglulaga.

FÍR/

Stjórn FÍR harmar brottfall ákvæðis um sérstakt aldurshámark lögreglumanna úr frumvarpinu. Þar er um að ræða brýnt öryggismál lögreglumanna og borgaranna sem eiga að njóta þjónustu þeirra. Vísað er til umsagnar Landssambands lögreglumanna, dags. 22. þ.m. um þetta efni.

Stjórn FÍR telur það til bóta að samræma betur störf lögreglunnar með sameiginlegri yfirstjórn. Hins vegar nær þetta frumvarp engan veginn þeim tilgangi og virðist sem hagsmunir sýslumannakerfisins séu æðri hagsmunum borgaranna. Slíkt leiðir af sér óvissu í stjórnun og kemur í veg fyrir að þjónusta lögreglunnar verði jafn góð hvar sem er á landinu og réttaröryggið það sama.

Umrætt frumvarp svarar heldur ekki þeirri spurningu hvað verður um þá rannsóknar- lögreglumenn sem nú starfa hjá RLR og útlendingaeftirliti, hver verða laun þeirra, starfskjör og vinnuaðstaða við endurráðningu. Það vantar nánari útfærslu á skipulagi einstakra embætta, reglugerðir og hvernig verði staðið að flutningi stöðugilda. Einnig er óljós framtíð margra rannsóknarlögreglumanna hjá lögreglunni í Reykjavík þar sem það embætti hefur dregið úr hófi fram að skipa þá til starfa sinna. Til að bæta úr þessu þarf m.a. sérstakt bráðabirgðaákvæði í frumvarpið um stöðu þeirra sem verða fyrir þessum breytingum.

Af þeim sökum á stjórn FÍR erfitt með að taka afstöðu til fyrirliggjandi hugmynda um framtíðarskipulag lögreglunnar enda er ekki sýnt nægilega fram á að löggæslan í landinu verði betri. Þar að auki er ekki hægt að sjá hvernig eigi að ná markmiðum frumvarpsins með óbreyttum fjárframlögum. Í ljósi þessa mun stjórn FÍR ekki taka endanlega afstöðu til þessara frumvarps en vekur jafnframt athygli á því að sú afstaða kynni að breytast ef og þegar nánari svör fást við áðurgreindum spurningum. Jafnframt hvetur stjórn félagsins til þess að réttindum þeirra lögreglumanna, sem eiga yfir höfði sér uppsagnir, á hreint áður en lengra er haldið. Því er nauðsynlegt að taka þetta frumvarp til rækilegrar umfjöllunar enda um mjög mikilvægt málefni að ræða sem mun snerta starfsemi lögreglunnar til frambúðar. Jafnframt mun það hafa mikil áhrif á ævistarf tuga manna sem búa margir yfir ómetanlegri þekkingu og reynslu.

Lögreglufélag Hafnarfjarðar/

Stjórn Lögreglufélags Hafnarfjarðar leggur áherslu á lækkun starfslokaaldurs lögreglumanna, með tilvísun til meðfylgjandi útreknings um aldur lögreglumanna í lögregluliði Hafnarfjarðar sem miðaður er við árið 1996.

LL/

Um II. kafla. Ástæða er til að fagna stofnun embættis ríkislögreglustjóra en brýnt er að yfirstjórn og samræming sé á einni hendi. Á hinn bóginn er umhugunarvert hvort ekki séu færð full mikil völd á einar herðar með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til. Ástæða virðist til að stofnað verði sérstakt ríkislögregluráð sem hafi stjórnunar- og eftirlitshlutverk með starfsemi ríkislögreglustjóra.

Um III. kafla. Flest atriði í þessum kafla eru eðlileg og í samræmi við gildandi lög og venju. Nokkur atriði þarfnast nánari skoðunar og vert er að gaumgæfa atriði úr frumvarpi til lögreglulaga sem lagt var fram til kynningar á Alþingi fyrri hluta árs 1994. Er þar átt við heimild til að færa mann á lögreglustöð (án handtöku) og til þess að halda honum þar í allt að 4 klst.

Um IV. kafla. Þessi kafla er alvarlegasta stílbrot frumvarpsins og hreint afturhvarf til fortíðar. Með hliðsjón af þeim kröfum sem gerðar eru til lögreglu, í þjóðfélagi sem kennir sig við menningu og vel upplýst samfélag, er hreint stílbrot að hugsa sér að næstum "hver sem er" sé fær um að "dulbúast" lögreglubúningi og hefja afskipti af samborgurum sínum. Þessu mætti líkja við að gangastúlkur gengju í störf sjúkraliða, sjúkraliðar í störf hjúkrunarfræðinga og hjúkrunarfræðingar í störf lækna. Það er í engu samræmi við þær kröfur, sem frumvarp þetta í heild sinni, gerir til lögreglumanna að heimila á ný ákvæði um ráðningar fólks án tilskilinnar menntunar eða þjálfunar. Með hliðsjón af framansögðu, umfjöllun um hæfiskröfur í inngangi þessarar umsagnar, umræðu og ályktana Norræna lögreglusambandsins (NPF) og Alþjóðasambands lögreglumanna (UISP), leggst LL gegn öllum störfum ófaglærðs fólks, þ.m.t.

á sumarorlofstíma.

Um VI. kafla. Kaflí þessi virðist eðlilegur og í samræmi við nógildandi lög og venjur.

Um VII. kafla. Það er trú okkar að það eflí trú og traust samfélagsins ef forræði rannsókna á hendur lögreglu yrði fundinn staður hjá rikissaksóknara. Það er viðurkennd staðreynd að lögreglumenn njóti borgaralegra réttinda í þeim tilfellum að þeir sæti kæru og um þá gilda sömu ákvæði réttarfarslaga. Þeir eiga því kröfu á að fagmenn rannsaki mál þeirra en sé sú rannsókn á forræði rikissaksóknara og hann mæli fyrir um hana, ætti að vera tryggt að óhlutdrægni sé gætt í hvívetna.

Lögreglufélag Reykjavíkur/

Stjórn LR harmar að ekki skuli vera með beinum hætti komið inn á melefni sérsveitar, ávana og fikniefnadeildar og þjóðvegaeftirlits og þeim markaður vettvangur með skýran og tryggan fjárhag svo aðrir þurfa ekki að greiða fyrir þá þjónustu sem þeir inna af hendi eins og segir í fylgiskjali. Þá telur stjórn LR ekki nægjanlega gert í því að skilgreina og skipta niður þeim kostnaði sem hlýst af komu þjóðhöfðingja hingað til lands. Ótækt er að mati LR að það sé árvissst að dregið sé úr aukavinnu, og þannig dregið úr framfærslumöguleikum starfsmanna, til að mæta útgjöldum vegna heimsókna erlendra þjóðhöfðingja.

Lögreglufélag Kópavogs/

Jafnframt teljum við nauðsynlegt að ákvæði um hámarksaldur, sem einnig var í uphaflega frumvarpinu, verði sett inn í þetta frumvarp. Þar var gert ráð fyrir því að lögreglumenn yrðu leystir frá störfum við 65 ára aldur, sem vissulega var skref í rétta átt. Samkvæmt nógildandi lögum mega lögreglumenn vinna til 70 ára aldurs. Í flestum af nágrannalöndum okkar, er lögreglumönnum gert að láta af störfum fyrir en öðrum opinberum starfsmönnum. Það er gert af öryggisástæðum. Það er útilokað að lögreglumenn haldi þeirri hæfni til 70 ára aldurs, sem af þeim er krrafist samkvæmt lögum. Þá er það ólíðandi bæði gagnvart öryggi þegna landsins og öryggi lögreglumanna sjálfra að þeir starfi til 70 ára aldurs.

Lögreglufélag Gullbringusýslu/

Að eftirlaunaaldur lögreglumanna verði færður niður um a.m.k. 10 ár eðli starfsins samkvæmt.

Lögreglufélag Vesturlands/

Stjórn LV vill leggja áherslu á nauðsyn þess að lögreglumenn verði leystir frá störfum 60 ára að aldri. Í dag stefnir víða í veruleg vandamál hvað aldurssamsetningu lögregluliðs varðar, sérstaklega á þetta við í smærri lögregluliðum úti á landi. Það ætti öllum að vera ljóst að menn um eða yfir 60 ára eru ekki til þess fallnir að beita sér ítrekað að fullu, við erfiðar aðstæður, hvort heldur sem um er að ræða björgunar- og hjálparstörf á slysavettvangi eða við að handtaka ólött fólk.

Lögreglufélag Vestfjarða/

Það olli lögreglumönnum í Lögreglufélagi Vestfjarða miklum vonbrigðum þegar út úr frumvarpinu var líka tekið aldurshámarksákvæðið varðandi starfslok. Það hlýtur að liggja í augum uppi fyrir hvern mann sem vill sjá það niðurbriótandi álag, sem er á sjötugan mann sem finnur vanmátt sinn gagnvart starfsfélögum, því hann ræður ekki við að vera í fremstu víglínu, þegar þarf að takast á við hasarinn á götunni. Þeir sem ofbeldinu og ólátunum stjórna eru alveg

örugglega ekki sjötugit. Ennig er spurning hvort öryggi borgarans sé eins vel tryggt og hann heldur, þegar aldur lögreglumannanna er eins hár og raun ber vitni.

Jafnréttisráð/

á fundi Jafnréttisráðs kom fram sú athugasemd að ekki væri gert ráð fyrir greiðslu bóta vegna miska skv. 30. gr. og var samþykkt að vekja athygli allsherjarnefndar á því.